


Frakkland og Ísland

Vinátta í tvær og hálfa öld



FORMÁLSORÐ

Hafið var um aldir greiðfærasta leiðin milli landa og þá um leið hin mikla matarkista sem brauðfæddi þá sem á undan okkur komu og áttu aðgang að gæðum hafsins. Vinátta Frakklands og Íslands langt aftur í tímann byggðist á því að Atlantshafið tengdi löndin tvö. Á Íslandsmiðum voru gjöful fiskimið, þar sem þorskurinn svamlaði í stórum torfum, og fiskur var einmitt það sem þjóð, sem átti sér einlæga kaþólska trú sem hvatti sitt fólk til að neyta ekki kjötmetis á föstudögum, þurfti að hafa á markaði fyrir þegna sína. Ekki aðeins óbreytta borgara, heldur einnig mannmargar herdeildir franska ríkisins í stríði og í friði, og franska ríkið bar ábyrgð á að brauðfæða.

Þannig varð það þjóðarhagur Frakka, að þúsundir franskra sjómanna legðu leið sína til fiskveiða á seglskútum við Íslandsstrendur um að minnsta kosti tveggja alda skeið, eða allt þar til togarar komu til sögunnar í byrjun 20. aldar, - og siglingar fyrir vindorku til fiskveiða á norðurslóðum lögðust af. Þessir „Pêcheurs d'Islande“ voru frá Normandi og Flandri en þó einkum Bretagne. Sú saga öll, og allt sem henni tengist, hefur átt sinn stað í huga mínum frá því ég kynntist henni fyrst. Það var frá afa mínum, sem var prestur við Patreksfjörð, sem sagði fallegar sögur af Fransmönnum af skútunum, - hvernig þeir hlupu, þegar þeir komu í land, upp í grasgrænar hlíðarnar við Patreksfjörðinn, tíndu upp í sig safarík fíflablöð og söfnuðu í poka, margir hrjáðir af vítamínskorti, hungraðir eftir fersku, safaríku grænmeti. Fólkið mitt sagði einnig skemmtilegar sögur af samskiptatungumáli skútukarla og heimamanna, sem var oft byggt á ímynd af frönsku hljómfalli „Vúle-vú mussjö Bú, ön morísó sem marsjer ú po Larebjarg?“ (má bjóða yður, herra „Bú“ mórauðan sauð sem hefur verið á beit úti á Látrabjargi?). Eða á hressilegt andsvarið „gaddara fö drinja dass, san barbi ba...“ sem enn er á huldu hvað þýddi.

Það gefur auga leið að ósvikin vinátta skapaðist milli Frakka og Íslendinga við þessi tengsl, en þá um leið svo oft tengd missi og þungri sorg. Sjómennska í öllum veðrum við Íslandsstrendur var átakamikil fyrir á árum. Öll okkar saga, beggja þjóða, í glímunni við Ægi, er tengd miklum þrekraunum.

Íslendingar, sem löngum hafa þekkt vel hættur stranda og sjávar, brugðust ávallt einhuga við og veittu frönskum sjómönnum alla þá hjálp og liðsinni sem þeim framast var unnt, þegar það henti að franskar skúturnar þeirra strönduðu í óveðrum. Af hjálpssemi Íslendinga við franska sjómenn í sjávarnauð við Íslandsstrendur eru til ótal sögur. Ungra franskra sjómanna biðu þá oft sömu örlög og Íslendinga sjálfra, - hafið gaf og hafið tók.

Það er aðdáunarvert að sendiherra Frakka á Íslandi, á árunum 2011-2014, hr. Marc Bouteiller, hefur tekið sér fyrir hendur að skrifa um meginþræði í sameiginlegri sögu þessara tveggja vinabjóða, Frakklands og Íslands. Hann hefur verið afar fundvís á þá þræði.

Það er okkur Íslendingum mikils virði.

Vigdís Finnbogadóttir

INNGANGUR



Nú þegar ég er að ljúka störfum hér á landi fannst mér við hæfi að skoða samband Frakka og Íslendinga, hvernig því er háttað og hvað það stendur á gömlum merg. Til þess verður að líta til fortíðar.

Þá þurfti ég að spyrja: Átti að byrja á miðöldum, samskiptum klaustra* í Frakklandi og á Íslandi og Sæmundi fróða Sigfússyni í París? Eða átti að byrja á sögu franskra sjómanna á Íslandi, „Íslendinganna“ eins og þeir nefndust í Paimpol og í Gravelines?

Niðurstaðan varð sú að feta milliveg: Byrja á upplýsingaöld, þegar áhugi franskra stjórnvalda vaknaði fyrst á Íslandi, og fransk almenningur um leið, þegar „farin var fyrsta vísindaferð til Íslands“ (1767 og 1768) undir stjórn Kerguelens sem ritaði ferðasögu sína 1771. Ferðasagan var studd miklum heimildum sem að verulegu leyti voru fengnar hjá Eggerti Ólafssyni því þeim hafði orðið vel til vana.

Upp frá þessu veittu Frakkar Íslandi mikla athygli: Paul Gaimard, vinur Jónasar Hallgrímssonar, rannsakaði land og þjóð í þaula ásamt fylgdarliði sínu. Í hópnum var meðal annars teiknarinn og dráttlistarmaðurinn Mayer og enn eru eftirprentanir af myndum hans seldar í minjagripabúðum. Þá voru það skáldverk þeirra Pierres Lotis og Jules Vernes, ófáir leiðangrar Charcots skipherra (frá 1901 til 1936 þegar hann fórst í hörmulegu slysi með allri áhöfn, að einum undanskildum, við Álfanes í Borgarfirði). Þessir menn tengdu þjóðirnar sterkum böndum sem styrktust enn á gullöld úthafsveiðanna við Ísland þegar nálega 5.000 franskir sjómenn streymdu á Íslandsmið á hverju ári í næstum heila öld.

Það eru sjómennirnir sem mótuðu ásýndina á sambandi Frakka og Íslendinga og þetta samband byggist á gagnkvæmri virðingu (eymdarkjör frönsku sjómanna voru oft ekki hótí skárri en íslenskra bænda), viðskiptum (vöruskipti urðu til af sjálfu sér, eins og tungumálasamskiptin... og ljúfari samskipti líka) og samhygð og það sýna spítalarnir þrír sem Frakkar reistu á fyrstu árum 20. aldar, hina fyrstu í landinu, og þeir stóðu Íslendingum opnir.

Það voru merkir menn sem hnýttu þetta sterka samband milli þjóðanna, líkt og ég hef rakið, en ekki er minnst um verð framganga frú Vigdísar Finnbogadóttur forseta sem hefur aukið svo um munar veg frönsku og frönskuáhuga á Íslandi. Það eru líka ófáir óþekktir karlar og konur

* Um samskipti franskra og íslenskra kennimanna á miðöldum má meðal annars rifja upp það sem segir í Biskupasögum um Jón biskup Ögmundsson (1053-1121), og er fyrsta dæmið um söngkennslu á Íslandi: *Heilagr Jón biskup tók marga menn til kennslu, ok fekk til góðan meistara at kenna grammaticam. [...] En einn franzeis, sæmiligan prestmann er Ríkini hét, capalín sinn, fekk hann til at kenna sönglist ok versgerð. Ríkini var klerkr góðr, bæði diktaði hann val ok versaði, ok svá glöggr var hann í sönglist ok minnigr, at hann kunni utanbókar allan söng á tólf mánuðum, bæði í dagtíðum ok óttusönguni, með öruggri tóna setning ok hljóða grein, ok því réðust margra góðra manna börn undir hönd þessum tveim meistarum, sumir at nema látinu, en aðrir söng, eða hvárttveggja [...] Við þessum tók Ríkini prestir öllum [...] ok elskaði sem einka sonu. [...] Hér mátti sjá um öll hús biskupsstólsins mikla iðn ok athöfn: sumir lásu heilagar ritningar, sumir rituðu, sumir sungu, sumir námu, sumir kenndu, [...] ok þegar signum var til tíða gort, skunduðu allir þegar úr sínum smákofum til kirkjunnar. [...] Meðr tíða upphafning hófst í kirkjunni fagrlig samhljóðan söngsins í kórinum, ok hófst sætlig hljóð raddanna.*

sem hafa treyst sambandið og getið er á þessum síðum: Randrup, fyrsti konsúll Frakka á Íslandi og einhver fyrsti opinberi fulltrúi erlends ríkis á landinu, skipaður 1862, meira en 80 árum áður en landið hlaut sjálfstæði, prestar kaþólsku kirkjunnar sem hingað komu til að hlynna að frönskum sjómönnum og fjöldinn allur af listamönnum og fulltrúum úr heimi menningar og vísinda sem hafa skipst á heimsóknum öll þessi ár.

Áhugi Frakka á Íslandi, og gagnkvæmur áhugi Íslendinga, hefur aldrei slokknað í þessar tvær aldir og hálfri betur. Það var ekki tilviljun sem réð því að Alliance française ákvað mjög snemma að koma sér fyrir í Reykjavík (1911) né að Háskóli Íslands kenndi frönsku allt frá stofnun, meira að segja á undan ensku!

Að tala hér um „vináttu“ er hvorki diplómátískur frasi né orðagjálfur. Milli Frakka og Íslendinga hefur aldrei verið neinn ágreiningur. Þegar efnahagshrunið og Icesave dundu yfir landið 2008 gerðu Frakkar (einkum Christine Lagarde, efnahags- og fjármálaráðherra og formaður Ecofin (Efnahags- og fjármálaráðs ESB) og Dominique Strauss-Kahn, stjórnarformaður AGS) allt sem í þeirra valdi stóð til að telja ófúsar Evrópuþjóðir á að veita Íslendingum neyðarfyrirgreiðslu.

Og sjaldan hefur Ísland notið meiri athygli í Frakklandi en einmitt nú: Listamennirnir (Ásgeir Trausti prýddi þannig fyrir fáeinum vikum forsíðu tímaritsins Inrock, sem alltaf veit hvað klukkan slær), rithöfundarnir (Arnaldur Indriðason selst til dæmis hvergi betur en í Frakklandi, í tveimur miljónum eintaka) og náttúran (frönskum ferðamönnum hefur fjölgað næstum tvöfalt á fjórum árum og verða fleiri en 50.000 árið 2014) leiða það berlega í ljós.

Á stjórnmalasviðinu hafa samskipti þjóðanna líka dafnað, ekki síst eftir opinbera heimsókn forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, til Frakklands um mánaðamótin febrúar/mars 2013. Á síðustu mánuðum hafa hvorki fleiri né færri en fimm íslenskir ráðherrar farið til Frakklands og átt viðræður við starfsbræður- og systur þar í landi, viðræður sem lofa mjög góðu. Þar má til dæmis nefna viðskipta- og iðnaðarráðherra sem hitti Ségolène Royal og kom á samstarfi á sviði jarðvarma, og fund mennta- og menningarmálaráðherra með ráðherra frönskumála, sem leiddi til samstarfs um íslensk-franska orðabók á vefnum í samvinnu við Vigdísarstofnun og Stofnun Árna Magnússonar.

Það fer ekki hjá því að samskipti af slíku tagi færist í vöxt og að þau verði enn víðtækari: Í lok október 2014 kemur til Íslands sendinefnd, skipuð einum tíu vísindamönnum, embættismönnum, kaupsýslumönnum og öðrum frá stofnunum sem ekki heyra undir franska ríkið. Tilefnið er ráðstefnan „Arctic Circle“ og sýnir koma þessara gesta bæði sérþekkinguna sem þeir búa yfir og áhuga þjóðarinnar minnar á norðurheimskautinu. Í kjölfarið á samstarfssamningi Háskóla Pierre og Marie Curie, fremsta háskóla í Frakklandi samkvæmt Sjanghækönnuninni, og Háskólans á Akureyri (HA) árið 2013, verður nýr samstarfssamningur undirritaður milli HA og Náttúrufræðasafns Frakklands (Museum national d'histoire naturelle). Þannig er haldið áfram á brautinni sem þeir ruddu, þeir Kerguelen, Jérôme Napoléon prins, de Blosseville, Gaimard, Charcot og Paul-Emile Victor sem fundu á Íslandi gáttina að norðurheimskauti og þó sérstaklega Grænlandi!

Ég fer frá Íslandi í þeirri vissu að samstarf þjóðanna tveggja verður jafnhlýlegt hér eftir sem hingað til. Ég nota tækifærið til að þakka öllum sem ég hef átt samskipti við á Íslandi og íslenskum vinum mínum fyrir að hafa gert mér þriggja ára dvöl hérlandis svo gæfuríka og sömuleiðis starfsfólki mínu hér. Sérstaklega vil ég þakka aðstoðarmanni mínum, Luc Fuhrmann, fyrir að hafa verið mér stoð og stytta í þrjú ár, Victor Gauthier, sem lauk námi frá McGill háskóla, var í starfsnámi hér og kafaði ofan í söguna með þessari samantekt, Pálma Jóhannessyni, upplýsingafulltrúa sendiráðsins, sem þýddi af alúð þessar síður og Friðriki Rafnssyni fyrir aðstoð við efnisöflun.

Ég vonast til að sjá ykkur aftur sem fyrst.

Marc Bouteiller
Sendiherra Frakka á Íslandi
(Október 2011-September 2014)

Vinátta tekst með þjóðunum

Um miðja 18. öld áttu Frakkar úr vöndu að ráða. Landsmál og efnahagur voru í ólestri og leita varð nýrra leiða til að endurheimta fyrri frægð. Árið 1763 þurftu Frakkar að láta í minni pokann í Sjö ára stríðinu þar sem Englendingar, hinn forni fjandi, var í hópi andstæðinganna. Með ósigrinum töpuðust landsvæði í Kanada, Senegal og á Indlandi sem bæði voru gjöful og líka hagkvæm í hernaðarlegu tilliti. Ósigurinn hafði einnig í för með sér að Englendingar náðu yfirráðum á höfunum og gátu tálmað ýmissi atvinnustarfsemi, þar á meðal þorskveiðum í Norður-Atlantshafi. Þrátt fyrir allt þetta tók þjóðlíf í Frakklandi framförum og má þakka það atbeina helstu hugsuða landsins. Á 18. öld, upplýsingaöldinni, óx og dafnaði nýr skilningur á samfélaginu og þekkingunni: Að afla sér þekkingar varð markmið í sjálfu sér. Það varð að uppgötva heiminn og verða sér úti um vitneskju sem telja mætti algilda. Af þessum ástæðum spruttu upp ýmiss konar vísindafélög með leit að þekkingu að aðalmarkmiði. Þessi félög kostuðu mikla vísindaleiðangra um allan heim með það eitt að markmiði að glöggva sig betur á náttúrunni og finna algild sannindi. Íslandsævintýri Frakka ber að skilja með hliðsjón af pólitískum og efnahagslegum þrengingum þeirra samfara mikilli vakningu í menningarlífi og þekkingarþrá. Ævintýrið hófst upp úr miðbiki 18. aldar, þegar vísindamenn festu fyrst sjónir á Íslandi. Eftir fyrstu kynni þróuðust tengsl landanna á 19. öld og urðu með úthafsveiðum Frakka og vísindaleiðöngurum að sterku sambandi og að lokum að vináttu á 20. öld.

Fyrsti vísindaleiðangur Frakka á Íslandi



Yves Joseph de Kerguelen de Trémarec.

Í janúar 1767 var Yves Joseph de Kerguelen de Trémarec boðaður til Versala. Þar var honum falið að stýra fyrsta erlenda vísindaleiðangrinum til Íslands og fengin freigátan *La Folle* til umráða, með 200 manna áhöfn. Margt bar til þess að Kerguelen var valinn til forystu. Hann hafði á unga aldri vakið athygli fyrir verðleika sína. Árið 1763 var hann gerður skipslautinant og hlaut þá mikið lof fyrir framlag sitt til skipasmíða. Hann var heillaður af landfræði og náttúruvísindum og vegna þess, og annarrar menntunar hans, þótti enginn betur fallinn til forystu í leiðangrinum.

Frönskum stjórnvöldum duldast ekki að Kerguelen og áhöfn hans færu mikla nauðsynjaför til Íslands. Það þurfti að hvetja en ekki síður vernda franska sjómenn sem þar veiddu þorsk í fimm mánuði á ári, frá apríl til september. Þeim var strengilega forboðið að stunda kaupskap við Íslendinga því danskt verslunarfélag hafði einokun á Íslandsverslun. Brot gegn banninu gat varðað upptöku viðkomandi skips til félagsins. Kristján 4. Danakonungur veitti dönskum höndlurum frá Kaupmannahöfn, Helsingjaeyri og Málmey rétt til einokunar á verslun við Ísland árið 1603 og stóð hún til 1787. Þessir kaupmenn höfðu í hendi sér öll ráð á Íslandsverslun; þeir kváðu á um hve mörg skip væru send til Íslands, verð og magn á vöru, bæði þeirrar sem þeir fluttu inn og fluttu út.

Leiðangurinn átti líka rót að rekja til hræringa í samtímanum. 18. öldin var öld upplýsinga og einkenndist af þekkingarþrá og nýjum vísindafélögum sem kostuðu vísindaleiðangra um veröldina þvera og endilanga, til að skilja hana betur. Og til að átta sig til fulls á þeirri ákvörðun að senda Kerguelen til Íslands ber að hafa í huga efnahags- og stjórnmálaástandið í Frakklandi á síðari hluta 18. aldar. Árið 1763 lauk Sjö ára stríðinu þar sem Frakkar fóru

halloka gegn Bretum, grönnum sínum, og fleiri þjóðum og misstu mikil lönd og tilheyrandi tekjur og áhrif, bæði í Kanada, Senegal og Indlandi. Bretar náðu með þessu móti drottunarvaldi á höfunum og gátu tálmað ýmissi atvinnustarfsemi, svo sem þorskveiðunum á Norður-Atlantshafi. Frakkar máttu ekki við meiri ágjöfum á norðurslóðum og þar eð ríkir hagsmunir voru í húfi þótti krúnunni þénugt að senda Kerguelen til Íslands.

Pau stóðu því veikum fótum, bæði í efnahagslegu sem stjórnmálalegu tilliti, stjórnvöldin, sem sendu Yves Joseph de Kerguelen de Trémarec til Íslands, í því skyni að styðja franska sjómenn á þeim slóðum og ennfremur til þess að betrumbæta kort af ströndum landsins og kynna sér landið og íbúa þess. Kerguelen sökkta sér ofan í allar ritaðar heimildir sem kunnar voru um Ísland og bar þær saman við það sem mætti augum þegar í land var komið, á vesturströnd Íslands. Hann komst að þeirri niðurstöðu að eldri landslýsingar þeirra Andersons, Horrebows og La Peyère væru „allar að nokkru brenglaðar“. Hann taldi Ísland nánast ókannað og eldri sjómælingakort „einkar lakleg“ og jafnvel „einkar viðsjárverð“.

Rit hans um rannsóknirnar, *Frásögn af ferð í Norðurhöf að ströndum Íslands, Grænlands, Færeyja, Hjaltslands, Orkneyja og Noregs 1767 & 1768, undir stjórn herra Kerguelens de Trémarec, skipherra á La Folle og l'Hirondelle* var gefið út árið 1771. Mest af því sem Kerguelen ritaði um Ísland fjallar um landið og íbúana og fjöldamargt annað sem þessu tengdist, sögu þjóðarinnar, uppdrætti, dýralíf, búsaeld og landkosti. Ritið er áreiðanleg heimild því öfugt við þá sem áður höfðu fjallað um landið hafði Kerguelen engra hagsmuna að gæta. Upplýsingastefnan reis hátt á þessum tíma og ritverk Kerguelens var samið af forvitni og mikilli fróðleiksfýsn. Kerguelen hafðist aðallega við á Patreksfirði og kynntist þar Eggerti Ólafssyni og átti við hann langar samræður og bréfaskipti. Hann fór aðra ferð til Íslands 1768 til að ljúka kortagerðinni.



Eggert Ólafsson druknaði í Breiðafirði 1768, skömmu eftir að Kerguelen hitti hann í síðari leiðangri sínum. Á myndinni er Eggert harmaður.

Annar vísindaleiðangur Frakka sigldi til Íslands í kjölfarið á leiðöngurum Kerguelens, og í svipuðum erindagjörðum. Árið 1772 gerði leiðangur undir stjórn Jeans Renés Antoinnes, markgreifa af Verdun de la Crenne, stuttan stans á Íslandi, eftir tveggja ára hnattsiglingu. Markgreifinn var ungur sjóliðsforingi og vísindamaður sem konungur hafði falið að takast á hendur siglingu umhverfis jörðina. Hann var tilnefndur varamaður í Konunglegu flotaakademíunni árið 1771 og tók við skipstjórn á freigátunni *La Flore* fyrir vísindaleiðangurinn. Vísindaakademían stóð fyrir leiðangrinum og var það metnaðarmál að prófa nýjar skipsklukkur og tæki til að mæla lengdarbaugana af meiri nákvæmni en áður var unnt á hafi úti. Dvölin á Íslandi var ekki löng en frásögn af ferðinni birtist árið 1778. Pierre Ozanne var málari í ferðinni og teiknaði eftirtektarverðar myndir af landslagi og ströndum á Íslandi.



Jean René Antoine, markgreifi af Verdun de la Crenne

Hvað var vitað um Ísland?

Hvað vissu Frakkar um Ísland í byrjun 19. aldar? Fáein rit, fáeinar þýðingar í fáeinum bókahillum, fáeinar setningar sem finna mátti í fornum textum, grískum eða latneskum, þetta var allt sem fróðleikspyrstum almenningi stóð til boða. Almenningur gerði sér samt allgóða hugmynd um lífið á þessari eyju við ystu höf, um náttúrufar hennar, sögu en þó einkum bókmenntir. Þessar furðustrandir, á jaðri veraldar, höfðu lengi lokkað menn til sín og í Frakklandi heyrðist ómur frá þessum slóðum í frásögnum farmanna, eins og til að mynda franska bartskerans Pierres Martins de la Martinères sem komu út 1653. Pierre þessi hafði þegið far hjá dönskum Íslandskaupmönnum og fékkst, að eigin sögn, við farandsölu. Rit La Martinières, *Ferðir um norðlæg lönd*, er sennilega fyrsta ferðasagan frá Íslandi skrifuð á frönsku. Hún er ekki sannferðug en höfundurinn hafði þó stigið fæti á Ísland.

Fleiri frásagnir af Íslandi rötuðu til Frakklands. Árið 1802 birtist *Ferðabók um Ísland* sem Gauthier de Lapeyronie þýddi úr dönsku. Höfundar *Ferðabókarinnar* voru þeir Eggert Ólafsson, sem Kerguelen kynntist á ferð sinni 1767, og Bjarni Pálsson, fyrsti landlæknir á Íslandi. Vitneskja almennings í Frakklandi byggðist á þessum ritum, auk Íslandslýsinga Kerguelens og Verduns de la Crennes. Þannig áttu Frakkar, í upphafi 19. aldar, kost á býsna skilmerkilegum upplýsingum um landið.



Magnús Stephensen.

Íslendingar voru að sínu leyti allvel kunnugir landsmálum í Frakklandi á þessum tímum og fréttir af stjórnmálalegum hræringum þar bárust þeim fljótt til eyrna. Fyrsti Íslendingur, sem ritaði um byltinguna í Frakklandi, var Magnús Stephensen, árið 1796. Hann var einhver fyrsti boðberi upplýsingaaldar og stofnaði árið 1794 „Hið íslenska landsuppfærðingarfélag“ sem átti einu prentsmiðjuna á Íslandi og gaf út fyrsta tímaritið á íslensku árið 1796, *Minnisverð tíðindi*. Í fyrsta tölublaðinu gerði Magnús grein fyrir frönsku stjórnarbyltingunni og í öðrum kafla rakti hann stjórnmálaþróun í Frakklandi 1795-1796.

Magnús afsakaði og hyltti frönsku byltinguna og þau markmið sem henni voru sett. Hann var undir mjög sterkum frönskum áhrifum bæði beint og óbeint - og fór ekki dult með aðdáun sína. Í ritinu skrifaði Magnús líka grein um Rousseau og ritsmið hans, *Samfélagssáttmálann*. Áskrifendur að tímaritinu voru fleiri en þúsund og hver þeirra lánaði öðrum blaðið og því flugu víða fréttir af byltingunni og hugmyndaheimi hennar. Magnús lét ekki við þetta sitja, hann samdi bænarskjal til Danakonungs og beiddist þess að verslunareinokun Dana á Íslandi yrði aflétt. Merkilegt er að skynja áhrif frá frönsku byltingunni í röksemdum Magnúsar í bænarskjalinu þar sem hann vísar í íslenska þjóð og notar hugtakið „íslenskt lýðveldi“ um Ísland hið forna, Ísland hið frjálsa. En ritskoðun var aftur innleidd í Danmörku árið 1799 og einokun Dana var ekki aflétt að fullu fyrr en síðar.

Hvaða sjónarmið lágu að baki komu Frakka til Íslands við lok 18. aldar? Þar var um að ræða vísindamenn sem bæði voru vakandi og fróðleiksfúsir og leituðust við að auka nýrri þekkingu við fræðin, jafnt í bókmenntum sem náttúruvísindum og þjóðfræði. Þá þyrsti í að kynnast Íslandi og Íslendingum, þessu undarlega landi sem tók breytingum fyrir augunum á þeim, með náttúruhamförum og skriðjöklum... og þjóðinni sem hafði fest rætur á þessari klettaey er norpaði undir heimskautsbaug. Kynni Íslendinga af Frökkum, þó sérstaklega þeim er komu á 19. öld, orkaði sterkt á þá og kveikti von um lausn undan dönsku oki. Og það var fyrst og fremst hafið umhverfis Ísland, með einhver fengsælustu fiskimið í heimi, sem gat orðið helsti ávinningurinn, efnahagslegur og hernaðarlegur.

Til fundar við Ísland

Á 19. öld hljóp mikil gróska í sagnfræðirannsóknir og samfara því urðu örar framfarir í öllum vísindum. Með nýrri tækni og breyttum og breiðari viðmiðum franskra stjórnvalda um siglingar fóru Frakkar að venja komur sínar til Íslands, eyjunnar í norðri. Langferðir um ótryggar leiðir, á sjó eða landi, voru ekki lengur í höndum auðugra ævintýramanna. Í staðinn voru komnir leiðangrar til að uppgötva eitthvað nýtt. Þannig verður til hugtakið „vísindaleiðangur“ sem ætlað var að safna ókjörum af upplýsingum um sjávardýpi, veðurfar, gróður, steindir, þjóðlíf í löndum þar sem vitneskja um þessi efni var af skörum skammti. Leiðangrarnir voru til margra hluta nytsamlegir. Hernum var akkur í kortagerðinni og vitneskju um heppilega hafnaraðstöðu eða skipalægi sem herskip gætu notað og mættu með réttu fyrirkomulagi verða flotastöð, eins og á Nýfundnalandi. Önnur gagnsemi var af pólitískum toga, leit að stöðum sem fallnir væru til að vera fanganýlendur og kynnu að standa Frökkum til boða. Þá var það efnahagslegt notagildi, könnun á náttúruauðlindunum: jarðefnum, jurtum og dýralífi, með það í huga að ná hagstæðum viðskiptasamningum. Vísindalegt gildi fólst í að rannsaka ókannaða náttúru. Og að lokum var siðferðileg og trúarleg hlið, trúboð sem var ein af burðarstöðunum í nýlendustefnunni. Hnattsiglingar voru oftast farnar á vegum vísindafélaga, svo sem Vísindaakademíunnar og Landfræðifélagsins, sem fólu sjóliðsforingjum og vísindamönnum að svara nákvæmum og ítarlegum spurningum, til dæmis um „sveiflur segulnálar og styrk segulkrafta...“ Frakkar mættu til leiks í upphafi 19. aldar staðráðnir í að slást á ný í hóp annarra þjóða og segja skilið við ósigurinn og afleiðingar hans. Þeir tóku að seilast eftir yfirráðum í viðskipta-, efnahags- og stjórnmálalífi annarra landa en þess ber þó að geta að þeir lögðu ætíð metnað sinn í vísindarannsóknir í þessum löndum.

Á Íslandi voru aðstæður með allt öðru móti, bæði í landsmálum og atvinnulífi. Íslendingar lutu dönskum konungi, voru knúnir til að taka upp Lútherssið og árið 1602 var komið á strangri verslunareinokun. Ok dönsku krúnunnar lagðist með ofurþunga á íslenskan landslýð og við bættist að alþingi, sem skipað var fulltrúum íslensku þjóðarinnar, elsta þing Evrópu, var leyst upp. Með tilskipun Kristjáns 7. Danakónigs, dagsettri 11. júlí 1800, var alþingi lagt niður og þar með slitið 870 ára sögu þess. Með vaxandi konungsvaldi Dana og áður Norðmanna voru sjálfstjórn og meðferð eigin mála jafnt og þétt dregin úr höndum Íslendinga og færð í hendur konungs. Í kringum árið 1800 voru Íslendingar ekki nema 45.000 að tölu og hafði fækkað mikið eftir hallæri, farsóttir og náttúruhamfarir (eldgos sem felldu búfénað og brenndu góð beitarlönd). Sérstakt við íslenskt þjóðlíf var að þar var hvorki innlend verslun né iðnaður og konunglegir embættismenn þrúguðu almúgann. Íslendingar sátu í gapastokki danskrar einokunar og áttu ekki annars völ en að láta af hendi afurðir sínar (fisk, ull og sauðfé...) gegn nauðsynjavöru, allt eftir geðþótta dönsku kaupmannanna.

La Lilloise hverfur í hafi

Í marsmánuði árið 1833, þegar þorskveiðar við Ísland voru óðum að færast í aukana, óskuðu franskir útgerðarmenn eftir því við flotamálaráðherrann að hann léti kanna austurströnd Grænlands. 22. apríl sama ár gerði ráðherrann forseta viðskiptaráðs Dunkerque kunnugt að herskipið *Lilloise* yrði sent á Íslandsmið til að gæta að fiskveiðum Frakka. Jules de Blosseville var falin skipstjórn og jafnframt gefin fyrirmæli um að kanna Grænlandsstrendur og komast að því hvaða aðstöðu og auðlindir væri þar að hafa sem nýst gætu frönskum sjómönnum til að færa út kvíarnar. Í *Annálum hafa og nýlendna*, sem voru mjög svo opinber rit, er de Blosseville sagður „einhver fremsti sjóliðsforingi í flotanum okkar, þekktur í heimi

vísindanna fyrir hnattreisur sínar“. Frönsk stjórnvöld urðu þannig við beiðni útgerðarmanna í Dunkerque og undirgengust með því að taka til við rannsóknir á heimskautssvæðinu.

Lilloise kom til Íslands 7. júlí 1833 og varpaði akkerum í Norðfirði. De Blosseville sinnti í engu frönskum skútukörlum heldur sigldi út úr Norðfirði og ætlaði rakiðis til Grænlands. Hann lenti í ís og þoku og hraktist undan veðrum við austurströnd Grænlands. Hann dró samt upp kort af landinu, úr fjarlægð, þegar hann hafði landsýn. *Lilloise* laskaðist nokkuð í illviðrunum og 30. júlí neyddist de Blosseville til að halda undan til Íslands, í þetta sinn til Vopnafjarðar, þar sem hann lét dytta að skipinu. Hann létti akkerum 5. ágúst, þegar *Lilloise* var orðin vel haffær á ný, og ætlaði að gera aðra atrennu að Grænlandi. Ekkert sást til hans eftir það. Síðasta opinber orðsending de Blossevilles er dagsett 5. ágúst og síðasta bréfið sem hann skrifaði bróður sínum 6. ágúst. Upp frá því spurðist ekkert til skips eða áhafnar. Í Frakklandi gekk maður undir manns hönd að finna skipið og stóðu eftirgrennslanir í nokkur ár. Það voru þær eftirgrennslanir sem leiddu Paul Gaimard herlækni til Íslands og upp úr því spratt töluvert framlag Frakka til vísinda.



Jules de Blosseville.

Á slóðum *Lilloise*

Leitin að *Lilloise* varð fljótlega að pólitísku hitamáli. Deilurnar voru óvæntar en ákafar og voru af tvennum toga og náðu til efstu þrepa stjórnvaldanna. Fjölskylda skipherrans á *Lilloise* átti mikið undir sér og var þekkt og í miklum metum meðal vísindamanna vegna afreka de Blossevilles í leiðöngnum sínum. Þá var næstráðandi hans, Raoul Lepeletier d'Aunay, sonur þingmanns í þjóðþinginu franska. Hin ástæðan var af erlendri rót. Bretar og Frakkar kepptust um að kanna heimskautasvæðin og höfðu Bretar náð yfirhendinni eftir að James Ross hafði orðið innlyksa í hafís árið 1832 en komið fram þremur árum síðar. Í Bretlandi var vart um annað talað og vísindasamfélaginu í Frakklandi þótti mikið til um. Franska flotanum var því ekki stætt á öðru en að leggja allt í sölurnar til að finna de Blosseville og áhöfn hans. Af þessum sökum afréð konungur, Lúðvík Filippus, að gera út leiðangur til Íslands og freista þess að finna einhver ummerki eftir *Lilloise* og de Blosseville skipherra. Leitin að *Lilloise* var nú orðin að þjóðarátaki og með samþykkt árið 1833 hét þingið hárrí þóknun hverjum þeim sem gæti fært einhverjar sönnur á afdrif skipsins en það bar engan árangur.



Paul Gaimard.

14. janúar 1835 sendi læknir í franska flotanum, Paul Gaimard, bréf til Duperrés aðmírals, ráðherra flota- og nýlendumála, og óskaði eftir að mega slást í för með leiðangri sem gerður var út til að leita de Blossevilles en með þeim hafði verið mikil vinátta. Ráðherra varð við ósk hans og það varð upphaf að Íslandsævintýrinu. Ákveðið var að leiðangursskip yrði korvettan *La Recherche*, skipherra var Tréhouart. Þann 11. maí kl. 10:30 að kvöldi varpaði *La Recherche* akkerum í ytri höfninni í Reykjavík. Þaðan var siglt norður með vesturströnd Íslands og hún þaukonnud þar til fyrir þeim varð hafís en þá var stefnan tekin í vestur, til Grænlands.

Þeir Gaimard og Louis-Eugene Robert, náttúrufræðingur, höfðu farið í land í Reykjavík og könnuðu nágrenni hennar meðan þessu fór fram, en beindu svo för sinni vestur á bóginn.

Gaimard hafði með höndum rannsóknir í dýrafræði, læknisfræði og tölfraði en Robert í jarðfræði, steindafræði og grasafræði og hafði þeim verið uppálagt að halda til Vestfjarða og allt til Hornstranda, ystu marka á norðvestanverðu landinu, svo að einskis yrði látið ófreistað til að finna vísbendingar um hvað af Lilloise hefði orðið. *La Recherche* lagði upp frá Reykjavík fyrsta september 1835 og hafði ekkert orðið ágengt í að finna hvað varð um *Lilloise* en árangurinn af rannsóknum Gaimards lofaði á hinn bóginn góðu. Og sú varð raunin, ritsmíðar Gaimards um rannsóknirnar mæltust afar vel fyrir og sýnin, sem þeir Gaimard og Robert höfðu meðferðis, voru sett á sýningu í Náttúrufræðasafninu í París. Duperré aðmírál, ráðherra flota- og nýlendumála, þótti mikils um vert hverjar eftirtekjurnar höfðu orðið í ekki lengri leiðangri og ákvað að senda á þessar sömu slóðir kunnáttumenn í náttúrufræðum, bókmenntum og listamenn. Þannig varð til sá leiðangur sem kenndur er við Gaimard.



La Recherche í ís við Svalbarða.

Ferð Gaimards

Gaimard kostaði miklu til við undirbúning ferðarinnar. Hann ráðgaðist við fremstu fræðimenn þeirra tíma og fékk frá þeim spurningalista til að geta gert allar þær tilraunir og mælingar sem einhverju skiptu þegar til Íslands væri komið. Öllu var til tjaldað svo leiðangurinn mætti verða til sem mests sóma. Valinn maður var í hverju rúmi, þrautreyndir náttúrufræðingar sem höfðu siglt um heim allan, sérfræðingar á mörgum sviðum og dráttlistarmenn sem allir lutu stjórn Pauls Gaimards, læknis í franska flotanum og fyrrum landkönnuðar. Meðal annarra í nefndinni voru Victor-Charles Lottin, Louis-Eugène Robert og Xavier Marmier.

La Recherche leysti landfestar í höfninni í Cherbourg 21. maí 1836 og var komin að ströndum Íslands 29. maí. Fyrsta verk „könnuðanna“ var að ganga á fund Kriegers, stiftamtmanns í Reykjavík sem var æðsti embættismaður á Íslandi. Marmier þótti strax mikið til um hve Íslendingar væru vel að sér og lýsti því fjálglega: „Allir Íslendingar kunna að lesa og skrifa. Samt er þar ekki að finna neina ríkisskóla heldur er hver bær sem skóli og hver húsmóðir tekur það af sjálfráðu upp að kenna börnunum sínum.“



Auguste Mayer: Laugarnes og biskupssetrið,

Gaimard sat í Reykjavík og skipulagði í þaula yfirreiðina um landið, dag fyrir dag. Áætlunin gekk raunar úr skorðum strax frá upphafi. Brottför frá Reykjavík var áætluð 15. júní en varð ekki fyrr en þann 20. Gangan á tind Heklu, áætluð 29. júní, var líka ekki farin fyrr en fimm dögum síðar. Hann stefndi að því að fara um Berufjörð 6. júlí en var í Djúpavogi þann 19. Hópurinn var kominn til Akureyrar 17. ágúst en ekki í ágústbyrjun eins og til stóð. Til Reykjavíkur kom hópurinn svo aftur

28. ágúst en ekki þann 20. Það var Duperré aðmírall og ráðherra sem hafði falið Gaimard þennan viðamikla leiðangur og honum skrifaði Gaimard jafnt og þétt formlegar skýrslur alla ferðina.



Auguste Mayer: Lækjargata í Reykjavík.

Strax eftir heimkomuna til Parísar réðst Gaimard í að birta helstu niðurstöður úr Íslandsförinni, mikið verk í 17 bindum, þar af þremur kortabókum. Það var gefið út í París frá 1838 til 1852 og var einhver markverðasta og fegursta lýsing á Íslandi á 19. öld sem til er. Mayer, málari og dráttlistarmaður, hafði með í farteskinu mikil meistaraverk sem hann dró upp á staðnum og sýndu Ísland í réttu ljósi af mikilli list. Ekkert var tilviljunum undirorpið í leiðangrinum og því gátu Gaimard og félagar hans birt tæmandi Íslandslýsingu, með vísindalegum kortum í jarðfræði, dýrafræði og læknisfræði sem öll voru unnin í ferðinni.

Íslendingur í París

Gaimard var foringi í flotanum og því voru honum hugleikin kjör franskra sjómanna á Íslandsmiðum. Meðan hann var að undirbúa Íslandsferðina datt honum í hug að sýna Íslendingum þakklætisvott fyrir aðstoð við sjómennina. Hann lagði því til við Fræðslumálaráðuneytið í bréfi, sem dagsett var 15. mars 1836, að frönsk stjórnvöld veittu ungum Íslendingi styrk til að sækja nám í París. Tillagan hlaut mjög góðar undirtektir og við komuna til Íslands ráðgaðist Gaimard við frammámenn í Reykjavík og á Bessastöðum. Þann 29. júlí skrifaði hann François Arago, æviráðnum ritara Vísindaakademíunnar í París, og sagði að á Íslandi lykju allir upp einum munni um að ungur Íslendingur, sem hann nefndi ekki á nafn, ætti að hljóta styrkinn til að nema náttúruvísindi og læknisfræði. Og 30. ágúst tilkynnti Gaimard Krieger stiftamtmani það formlega að Guðmundur Sívertsen færi til Parísar. Ýmsar ástæður lágu til valsins á Guðmundi. Fyrst er þess að geta að hann hafði staðið sig með miklum ágætum í náminu. En líka ber að nefna að Guðmundur var vel ættaður og alinn upp í góðum síðum. Afi hans í föðurætt var Bjarni Sívertsen, riddari af Dannebrog og móðurbróðir hans var Helgi G. Thordersen, dómkirkjuprestur og síðar biskup. Þetta voru ágætir verðleikar fyrir tilvonandi skjólstaðing Frakkakonungs. Eftir að Guðmundur kom til Parísar var allt gert til að honum farnaðist sem best, hvort sem það var í félagslífinu, í veislum hjá konungi eða í námi þar sem allt gekk að óskum. Hann las undir bakkalárspróf af kostgæfni og gekkst undir próf eftir stysta mögulega frest. Hann hafði stundað nám í Frakklandi í innan við ár og þurft að venjast lífinu í París, þar sem hann raunar naut Gaimards og tíðra funda við hann, og lauk nú bakkalársprófi í hugvísindum.

Ísland vaknar af dvala

Það er umhugsunarvert en þessi ár, 1835 og 1836, urðu tímamót í Íslandssögunni. Ungir Íslendingar í Kaupmannahöfn, uppfyllir af hugmyndum rómantísku stefnunnar, skipuðu sér í hreyfingu sem hélt fram frelsi einstaklingsins, bardist gegn áþján Dana og mótaði þjóðhyggju, innblásna af hinu forna Íslandi, frjálsu og farsælu. Árið 1835 var ársritinu *Fjölni* hleypt af stokkunum og kom þar við sögu náttúrufræðingurinn og skáldið Jónas Hallgrímsson en hann

sat einmitt veislu sem efnt var til á Íslandi í heiðursskyni við Gaimard meðan hann dvaldist þar. *Fjölnir* var saminn og prentaður í Kaupmannahöfn og síðan sendur til Reykjavíkur. Í fyrsta árganginum var kafli úr *Orðum hins trúaða* eftir Lamennais. Það má merkilegt kalla að finna strax árið 1835 þýðingu eftir séra Tómas Sæmundsson á verki Lamennais sem hafði verið gefið út í Frakklandi árinu fyrr. Lamennais var franskur heimspekingur og guðfræðingur, kaþólskur prestur, áhangandi rómantísku stefnunnar og andsnúinn öllum veraldlegum yfirboðum. Gregoríanus páfi 16. fordæmdi bókina þar sem lýðræðishugsjónin var lofsömuð en kúgun ríkis og kirkju fékk á baukinn. Tómas Sæmundsson dvaldist nokkra mánuði í París þegar bókinn var nýkomin út og fylltist áhuga á Lamennais. Þannig stendur á



Tómas Sæmundsson.



Xavier Marmier.

þessari þýðingu. Líka er vitað að þeim Tómasi og Marmier var vel til vana og að Tómas kallaði eftir uppfræðslu alþýðu á Íslandi. Ísland var einangrað en þarna kynntust Íslendingar skoðunum Lamennais og lásu sig áleiðis að hugarheimi annarra þjóða. Hetjusögur af Napóleón bergmáluðu enn á eyjunni við nyrstu höf og samúð Íslendinga var með keisaranum á örlagagöngu hans. Foringja í flotanum og fulltrúa Lúðvíks Filippusar Frakkakonungs rak í rogastans þegar honum og félögum hans var fagnað á afskekktustu stöðum með rímum eftir óþekktan höfund þar sem lýst var kveðjustund Napóleóns með úrvalssveit sinni í höllinni í Fontainebleau 20. apríl 1814.

Fortíðin stóð íslensku æskufólki skýrt fyrir hugskotssjónum og nú varðaði það veginn til framtíðar, frjálslyndisstefnan breyttist smám saman í breiðfylkingu, innblásna af þjóðhyggju. *Fjölnir* varð ekki ýkja langlífur, náði 12 ára aldri, en barðist af miklu

harðfylgi og sannfæringu fyrir þjóðhyggju og markaði fyrstu skrefin á langri leið Íslands til sjálfstæðis, sem náðist ekki fyrr en að einni öld liðinni.

FERÐ NAPÓLEONS PRINS

Sigling *Reine Hortense*



Jérôme Bonaparte Napóleon, prins.

Snemmsumars 1856 lagði Jérôme Napóleon prins af stað í siglingu um norðurhöf, til Skotlands, Íslands, Grænlands, Færeyja og Skandinavíu. Ferðin var farin á keisarasnekkjunni *Reine Hortense* sem nefnd var eftir Hortense de Beauharnais, móður Napóleons keisara 3.

En hver var þessi Jérôme Bonaparte Napóleon prins? Hann var sonur Jérômes Bonaparte, yngsta bróður Napóleons 1. Þeir Napóleon keisari 3. voru því bræðrasynir og um tíma var prinsinn næstur til ríkiserfða, þar til keisaranum fæddist sonur, skömmu áður en prinsinn lagði úr höfn til Íslands.


Á flóðinu kl. átta að morgni 16. júní 1856 gaf skipherrann á *Reine Hortense* skipun um að sleppa landfestum og keisarasnekkjan hélt af stað frá Le Havre til svæðanna norður undir heimskaupsbaug. Eftir viðkomu í Bretlandi var förinni fram haldið til Íslands, tilvalins rannsóknarefnis fyrir leiðangurinn sem átti að heita að væri í vísindaskyni. Ísland var enn á þessum tíma girnilegt til vísindarannsókna. Ætlunin var að skoða lífríkið á Íslandi, eðlis- og efnafræðilega þætti, jarðfræði og steindir. Prinsinn staldraði hins vegar stutt við og lítill tími gafst til að leggjast í djúpar rannsóknir eða gera merkar uppgötvanir. Líklegt má telja að þjóð, sem var að iðnvæðast af alefli og bylta allri tækni, hafi séð sér hag í að skrá allar náttúruauðlindir, sérstaklega jarðefni sem mætti nýta. De la Roncière, skipherra á *Reine Hortense*, hafði líka fengið leynileg fyrirmæli frá frönsku keisarastjórninni, með vitund prinsins, um að skoða hvort unnt yrði að setja á laggir stöðvar til að þurrka fisk á Íslandi, hvort þar mætti koma á fót ræðismannsskrifstofu Frakka og hvort efna mætti til kaþólsks trúboðs í þessu lútherska samfélagi.

Reine Hortense hafnaði sig í Reykjavík 30. júní. Skotið var úr fallbyssum herskipsins *Artémise*, undir stjórn Barlatiers de Mas, þegar snekkjan skreið inn á lægið og sjóliðar stóðu heiðursvörð. Eftir að hafa gengið um bæinn varð að sinna tilhlýðilegum kurteisisskyldum. Prinsinn og föruneyti hans efndu til mikillar veislu um borð í snekkjunni. Þangað var boðið stiftamtmannum, Trampe greifa og ýmsum öðrum fyrirmönnum í bænum. Strax næsta dag héldu prinsinn og fylgdarlið hans áleiðis til Geysis. Þeir komu á áfangastað 3. júlí, eftir viðkomu á Þingvöllum. Þar voru þá fyrir tjaldbúðir og breski fáninn blakti við hún.

Þetta reyndust vera enskur lávarður, Dufferin að nafni, og menn hans og heilsuðu þeir prinsinum með mestu virktum. Prinsinn ferðaðist nokkra daga um eldvirk héruð landsins en sneri svo aftur til Reykjavíkur og tóku þá við þrotlitlar heimsóknir með skiptum á gjöfum,



La Reine Hortense í höfn í Le Havre.



Dufferin lávarður.

veislur og dansleikir. Íslendingar báru prinsinn á höndum sér, þennan fulltrúa Frakklands, lands sem þeir mikluðu fyrir sér og horfðu til með glýju í augum, og prinsinn kölluðu þeir „hinn íslenska Napóleon“.

Eitt markmiða ferðarinnar var að mæla og skrá hafísröndina norður af Íslandi og ljúka með því mælingum *La Recherche* frá 1835. Sú fyrirætlan reyndist háskaleg í meira lagi því hafísinn hafði mörgu fleyi grandað og *Reine Hortense* var engan veginn smíðuð fyrir siglingar við slíkar aðstæður. Hvað sem því leið þá spyrti Dufferin lávarður skútu sína, *Foam*, við skutinn á *Reine Hortense* með tveimur taugum, þeir létu frá landi og sigldu fyrir hægum byr til Norð-Austurlands. Þeir urðu að krækja fyrir staka jaka á norðurleiðinni og þar kom að þeir neyddust til að snúa við því við blasti þétt hafísbreiða svo langt sem augað eygði og þannig rann þessi fyrirætlan út í sandinn. Vonbrigðin voru mikil og prinsinn ákvað að sigla í staðinn vestur til Grænlands. Þeir sneru nú aftur til Reykjavíkur og komu þangað 15. júlí og enn heimsótti prinsinn Trampe greifa, nú í síðasta sinn. Þann 17. júlí 1856 létti *Reine Hortense* akkerum, hélt áleiðis til Grænlands og var ætlunin að leita að norðurleiðinni með viðkomu á vesturströnd Grænlands. Þar átti samkvæmt áætlun að kanna námur og jarðefni (blýglans, ál, tin, blý og sink) og tóku þeir mikinn fjölda sýna til að hafa með til Frakklands. Þegar siglt var frá Grænlandi hrepptu þeir foráttuveður og andviðri og skipin, sem ætluðu til Noregs, létu undan síga til Íslands og fóru þaðan endanlega 16. ágúst.



Reine Hortense í ís við Jan Mayen.


Reine Hortense sigldi nú til Skandinavíu og varpaði akkerum í Björgvin, Hammerfest, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Í byrjun október 1856 lagði keisarasnekkjan að hafnarbakknum í Le Havre, eftir fjögurra mánaða úthald. „Uggaskipið“, eins og Grænlandingar nefndu snekkjuna, flutti með sér urmul af fáséðum gripum og sumum alls óþekktum í Frakklandi. Þessir dýrgripir „Norðursins“ úr för prinsins, bæði munir úr daglegu lífi fólks og hvers kyns vísindaleg sýni, voru settir á sýninguna „Íslandssafnið“ í Palais Royal, bæði í salarkynnum prinsins sjálfs og í einum fegursta sal hallarinnar sem á okkar dögum er hátíðasalur stjórnskrárráðs.

Dýrafjarðarmálið

Nokkru áður en þessi atvik urðu kviknuðu deilur á Íslandi, Dýrafjarðarmálið, og það vatt upp á sig við komu Jérômes prins. Dýrafjarðarmálið hófst 25. apríl 1855 en þann dag sendu útgerðarmenn í Dunkerque verslunarráði borgarinnar bænarskjal. Í því röktu þeir í löngu máli brest sem orðið hefði í þorskveiðum og kynntu hugmyndir um að koma á fót stöðvum til að þurrka fisk á vesturströnd Íslands. Þetta bænarskjal átti eftir að valda miklu róti í samskiptum Frakka og Íslendinga. Og hér kom í fyrsta skipti fyrir þetta orð „þurrkstöð“ sem setti allt á annan endann í ráðuneytum í París og Kaupmannahöfn, á alþingi Íslendinga og íslenskan almúga með. Og gáum að því að það var einmitt vorið 1855 sem endi var bundinn á

verslunareinokun Dana með tilskipun. Einokunin hafði staðið í 253 ár en nú öðluðust Íslendingar rétt til að versla við aðrar þjóðir.

Til þess að skilja af hvaða rótum hún spratt þessi beiðni útgerðarmanna í Dunkerque verðum við að átta okkur á í hvaða umhverfi þeir hræðust. Ekki var langt síðan síðara keisaradæminu í Frakklandi var komið á fót og skipafloti Frakka tók stökkbreytingu. Hafnarframkvæmdir, fólks- og vöruflutningar á nýjum járnbrautum, framlög til átaksverkefna, styrkir, verðlaun fyrir nýsköpun, allt þetta hristi upp í útgerðarmönnum og hvatti þá til dáða, ekki síst í Dunkerque. Útgerðirnar voru ekki lífvænlegar nema þær flyttu afurðir sínar út. Til að njóta ríkisstyrkja varð að uppfylla ströng skilyrði, samkvæmt lögum sem sett voru 1851. Þessir styrkir voru í ýmsum



Frönsk korvetta.


myndum. Til dæmis fengu útgerðarmenn bónus fyrir hvern lögskráðan sjómann. Meira munaði samt um bónusinn á fiskafurðirnar sem nam 20 frönkum fyrir kvintil þorsks (um 55 kg) sem flutt var út til Antillaeyja eða nýlendnanna. Þorskurinn varð hins vegar að koma beint frá veiði- eða verkunarstað. Fiskinn varð því að salta eða herða sem næst veiðistað sem á þessum tíma var aðallega Nýfundnaland og eyjarnar í kring. Annar bónus, öllu lægri, 16 frankar, var í boði ef fiskurinn var fluttur beint til Frakklands sem „góðmeti“ það er nýsaltaður eða kasaður um borð. Dunkerque fékk

fiskinn sem „góðmeti“ eða óverkaðan frá Íslandi en illa gekk að þurrka hann við höfnina. Útgerðarmennirnir neyddust því til að salta fiskinn eða þurrka hann við ósa Girondefljóts, í Bordeaux, Blaye eða í Sète sem stendur við Miðjarðarhaf. Með þetta í huga verður skiljanlegt að þeim væri í mun að fá aðstöðu á Íslandi. Bænaarskjal þeirra útgerðarmannanna hafnaði á skrifborði ráðherra flota- og nýlendumála, Ferdinands Hamelins aðmírals. Þetta árið var það Barlatier de Mas sjóliðsforingi sem stýrði Íslandsstöð. Orðið „Íslandsstöð“ var haft um þau skip franska flotans sem héldu sig á Íslandsmiðum, frönskum sjómönnum til halds og trausts, og höfðu bækistöðvar í Reykjavík. Eftir síðari leiðangur Kerguelens 1768 hafði Íslandsstöðin lognast út af en var aftur reist við upp úr 1830, án þess að hátt færi, þegar héraðsstjóri siglingamála í Cherbourg sendi á vettvang eitt fylgdarskip, briggina *Ménagère*. 1835 voru skipin tvær korvettur, *La Bayonnaise* og *L'Agile*. Árið 1856 var stjórnandi Íslandsstöðvar Barlatier de Mas, skipherra á *La Bayonnaise*. Korvetturnar hringsóluðu um veiðislóðirnar, veittu aðstöð skipum sem á þurftu að halda, hlynntu að sjúkum og slösuðum, héldu uppi aga og börðust gegn vanhirðu. Sérstaklega var fylgst með þegar fiski var umskipað í flutningaskip og útgerðarmönnum var sagt til um hvar væru skipalægi og best að leita vars. Foringjum á korvettunum var líka falið að mæla og kortleggja helstu skipalægi. Flotamálaráðuneytið vann sem óðast að því að safna gögnum um hafsvæði heimsins fyrir siglingar og verslun. Sjólmælinga- og kortadeildin kepptist við draga upp kort og leggja í Korta- og yfirlitssafn flotans. François-



Astrolabe í ís við Suðurskautsland.

Edmond-Eugène Barlatier de Mas hafði þjónað í flotanum frá 1827 og hafði siglt um heiminn þveran og endilangan á skipinu *Astrolabe*, einkum um Kyrrahaf og Suður-Íshaf. Hann hafði sérlegan áhuga á að kortleggja strendur Íslands og flotamálaráðherra fól honum, áður en hann lagði af stað til Íslands, að skoða möguleikana á að koma á fót þurrkstöðvum fyrir fisk einhvers staðar á norðvesturströnd Íslands, í Dýrafirði.



Séra Ólafur Sívertsen.

Alþingi hafði verið endurreist árið 1843 og þingfundir 1855 áttu að standa frá 1. júlí til 9. ágúst. Barlatier de Mas neytti færiss og lagði fram bréf á íslensku, dagsett 20. júlí 1855. Þingmaður Ísafjarðarsýslu hefði átt að bera upp erindið því Dýrafjörður er í þeirri sýslu, en hann var fjarverandi og þess vegna var það Ólafur Sívertsen, prestur í Flatey og þingmaður í næsta kjördæmi, sem tók að sér að leggja erindi Barlatiers de Mas fyrir alþingi. Hér var um persónulegt framtak de Mas sjálfs að ræða og hann lagði bréfið fram óformlega þótt viðtakandi væri æðsta stjórnarstofnun innanlands. Hann hafði ekkert samráð haft við yfirboðara sína. Í augum hans var bréfið óopinber skilaboð en það bar samt undirskrift skipherra á herskipinu *La Bayonnaise*, yfirboðara frönsku skútanna við strendur Íslands. Honum varð það á að telja

síð þess umkominn að hefja þessa málaleitan án umboðs. Allar deilurnar, í ræðu og riti, sem blossuðu upp á Íslandi byggðust á efni þessa eina bréfs og það var upphafið að Dýrafjarðarmálinu.

„Tillaga“ Barlatiers de Mas var tekin á dagskrá alþingis 25. júlí. Að beiðni Hannesar Stephensens, þingforseta, las Ólafur Sívertsen upp bréfið. Páll Melsted, amtmaður og konungsfulltrúi, fann strax að tveimur formgöllum. Ólafur Sívertsen þingmaður hefði ekki samið erindið og það væri auk þess utan valdsviðs þingsins, sem var einungis ráðgefandi. Málið væri á forræði ríkisstjórna Danmerkur og Frakklands. Erindinu var eftir þetta einróma vísað til stjórnvalda í Kaupmannahöfn. Trampe greifi, stiftamtmaður, var lítt hlynntur þessum áformum og gerði stjórnvöldum í Kaupmannahöfn viðvart í embættisbréfi sem dagsett var 11. ágúst. Þar greinir hann frá viðræðum sínum við skipherrann franska og rekur umræður á þingfundinum. „Í fyrstu hugmyndum hans felst



Páll Melsted, amtmaður.

að hann (B. de Mas) reisir 600 manna vinnubúðir og auk þess tilheyrandi vöruhús. Að auki þyrftu eitt eða fleiri herskip að halda þarna uppi heraga og reglu. Frönskum fiskiskipum við Ísland myndi fjölga við þetta. Þau eru nú 130-150 en yrðu þrefalt fleiri.“ Skjöl varðandi Dýrafjarðarmálið fóru sína leið í kerfinu og lentu að lokum á borði Scheeles greifa, utanríkisráðherra Dana.



Barlatier de Mas, skipherra.

Barlatier de Mas var ekki fyrr kominn heim frá Íslandi en hann lagði á borð flotamálaráðuneytisins í París skýrslu, dagsetta 10. september, og var í henni bjartsýnn um framgang málsins. Hann gætti þess að þegja um niðurstöðuna á Alþingi, sem hafði vísað frá erindi Frakka, en sá fyrir hvernig málatilbúnaðinum yrði tekið í Danmörku og lagði að ráðherra að halda fast við sitt. Hann gat sannfært Hamelin flotamálaráðherra um að fyrirhugaðar

framkvæmdir væru hagkvæmar enda virtust þær við fyrstu sýn geta skilað hagnaði. Hann taldi að nú væri ráð að þrýsta á yfirvöld í Danmörku, með milligöngu utanríkisráðuneytisins. Að áeggjan flotamálaráðherrans fóru frönsk stjórnvöld því á fund Dana til að fá framgengt óskum útgerðarmannanna í Dunkerque, samkvæmt bænarskjali þeirra, án þess að vita af formgöllum málsins, sem Baratier hafði leynt, og án þess að vita hvernig allt var í pottinn búið á Íslandi.

Walewski, utanríkisráðherra Frakka, sendi þann 19. október 1855 orðsendingu til Adolphe Dotézacs, sendiherra Frakka sem fór með fullt umboðsvald í Danmörku, og uppálagði honum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leyfi fengist fyrir fiskþurrkun Frakka á strönd Dýrafjarðar. Sendiherrann hafði setið í Danmörku frá 1840. Hann naut fulls trausts danska konungsins og að ósk stjórnvalda í Danmörku hafði ríkisstjórnin franska veitt honum óskorað umboðsvald árið 1848. Dotézac lagði 28. janúar 1856 fram bréf með opinberri málaleitan Frakka til Scheeles, utanríkisráðherra Dana. Dotézac var fullkunnugt um lyktir málsins í Reykjavík og líka um gönuhlaup de Mas og reyndi að draga fjöður yfir það.

Scheele bar erindi Frakka undir starfsfélaga sinn, Peter G. Bang, innanríkisráðherra og forseta ríkisráðsins en honum var óljúft að flækjast inn í málið og bar fyrir sig að hann þekkti ekki nógu vel til þess. Það var 23. maí sem Scheele sendi Moltke greifa, fulltrúa með fullt umboðsvald í París, öll málsskjöl sem vörðuðu það sem nú var orðið hitamál, með nákvæmri útlistun á hvað lá að baki erindi Frakka og greiningu á því sem af gæti hlotist (hernaðarumsvif, áhrif á atvinnulíf á Íslandi...) en það þó fyrst og fremst um nánari upplýsingar því án þeirra yrði ekki hægt að segja af eða á um erindið. Ein tormeiki, sem voru fyllilega réttmæt, var óttinn við franskt herlið á Íslandi því vinnubúðirnar, sem átti að reisa, allar úr timbri, voru nefndar „herskálar“. Moltke gekk á fund Walewskis utanríkisráðherra í París og gerði honum ljóst hvaða annmarka menn sæju á ráðagerðunum og óskaði eftir ítarlegri upplýsingum. Það var ekki fyrr en í samræðum þeirra sem Walewski frétti af frumhlaupi de Mas með bréfinu til Alþingis, tíu mánuðum eftir að það var lagt fram, og fann ráðherrann að þessu ráðslagi.

Í september 1856 lauk fiskvertíðinni á Íslandi og yfirmaður Íslandsstöðvar flotans varð að halda heimleiðis til Frakklands. De Mas fór ekki fleiri ferðir til Íslands og starfsferli hans á sjónum var nú lokið. Hann fékk sín síðustu fyrirmæli, að halda til Kaupmannahafnar og afhenda Adolphe Dotézac sendiherra Frakka ítarlega útlistun á fyrirhugðum fiskþurrkunarstöðvum. Og nú hafði verulega fjölgað verkamönnunum sem starfa áttu við stöðvarnar. Í fyrstu skýrslum hafði hann talað um 4-500 verkamenn en sá nú fyrir sér meira en tvöfalt fleiri, og það er ærinn fjöldi sé hliðsjón höfð af því hve margir bjuggu í firðinum sem de Mas giskaði á að væru um 400 að tölu.

Meðan erindrekar stjórnvalda réðu ráðum sínum voru haldnir opnir fundir á Íslandi, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum og á þeim voru samþykktar harðorðar ályktanir gegn áformunum. Deilurnar risu hæst, jafnt á Íslandi sem erlendis, þegar Jérôme Napóleon prins steig á land á Íslandi, sumarið 1856. Danir sendu málið aftur til umfjöllunar og álitgerðar á Alþingi næsta sumar. Merkilegt er að ekki löngu áður, í mars þetta ár, bað franska ráðuneytið útgerðarmenn í Dunkerque að staðfesta umleitan sína en þá kom upp úr dúrnum að áhuginn var hverfandi. Nú veltu ráðuneytismenn því fyrir sér hvort sendiherrann í Kaupmannahöfn ætti að halda málinu áfram þar sem frá var horfið í febrúar. Þann 8. júlí 1856 voru þurrkstöðvar í Dýrafirði aftur teknar til umræðu á Alþingi. Ríkisstjórn Dana fékk álitgerð Alþingis í hendur og staðfesti hana en í henni var beiðni Frakka synjað. Opinbert svar

stjórnarinnar var ekki sent fyrr en árið 1859 en þá voru frönsk stjórnvöld raunar horfin frá því að fylgja málinu eftir.

Ísland á sjálfstæðisbraut

Íslendingar reru um þessar mundir að því að öðlast sjálfstæði, undir forystu Jóns Sigurðssonar. Hann var ekki sá eini sem mjakaði þjóðinni áfram til sjálfstæðis en hann bar höfuð og herðar yfir alla hina og varð tákn fyrir þá friðsamlegu sjálfstæðisbaráttu sem háð var með penna og þrautseigju eina að vopni og hann setti þjóðinni háleit framtíðarmarkmið. Hann hafði haldið til náms í Kaupmannahöfn 1833 og var að mestu búsettur þar allt til dauðadags árið 1879. Á þessum árum flyktust íslenskir stúdentar til Kaupmannahafnar, flestir gagnteknir af rómantísku stefnunni sem þá ruddi sér til rúms í Evrópu. Þá dreymdi um vakningu í atvinnumálum og stjórnámálum samlanda sinna og átti endurreisn alþingis að vera lýsandi fyrir það. Jón Sigurðsson vildi fullt sjálfstæði



Jón Sigurðsson, forseti.

Íslendinga. Til að ná því fram studdist hann við Gamla sáttmála, samkomulag sem Íslendingar og Norðmenn gerðu með sér 1262. Samningurinn var á milli tveggja sjálfstæðra þjóða á jafnræðisgrunni og Ísland hélt eigin lögum sem alþingi samþykkti. Jón stóð fast á því að Íslendingar hefðu alltaf getað slitið samningnum ef ákvæðum hans væri ekki framfylgt. Því gæti íslenskt samfélag eingöngu byggst á íslenskum lögum þar sem Íslendingar hefðu aldrei sagt sig frá þessu „gagnkvæma sambandi“. Ísland væri því enn sjálfstætt ríki í persónusambandi og uppfyllti tiltekna skyldur sem það hefði tekið á sig af fúsum og frjálsum vilja gegn tilteknum réttindum. Fyrsta skrefið á langri vegferð var því að endurheimta alþingi. Það kviknaði vonarneisti í brjósti baráttumannanna þegar Kristján 8. tók við völdum í Danmörku árið 1839, frjálsslyndur maður sem hlustaði á kröfur Íslendinga. Eftir langar og miklar samningaviðræður og mikinn þrýsting af Íslendinga hálfu gaf konungur út tilskipun þann 8. mars 1843. Með tilskipuninni var sett á stofn sérstakt ráðgefandi þing fyrir Ísland, og var því gefið heitið „alþingi“. Þingið hafði afar takmörkuð völd og átti að sitja í sex vikur á tveggja ára fresti. Reykjavík, stærsti bær landsins, var valin undir þinghaldið og var þing sett í fyrsta skipti þann fyrsta júlí 1845. Á nýja þingið voru kjörnir 20 þingmenn í kosningum þar sem eignamenn einir voru kjörbærir. Konungur tilnefndi að auki sex þingmenn. Jón Sigurðsson var kjörinn þingforseti árið 1849 og hélt því starfi samfelld til 1877.

Sjálfstæðisbaráttan hófst af fullum þunga á árunum um 1850. Afsögn Lúðvíks Filippusar Frakkakonungs, febrúarbyltingin 1848 og stofnun 2. lýðveldisins í Frakklandi hristu upp í allri Evrópu og menntamenn tóku fagnandi þessum nýju lýðræðishugmyndum. Íslendingar voru fylgnir sér og kröfðust þess að alþingi yrði sérstakt þing, skipað fulltrúum kjörnum í almennum og frjálsum kosningum. Þjóðin átti sjálf að velja sér fulltrúa. Jón Sigurðsson var óþreytandi; áratugum saman þrefaði hann við dönsk stjórnvöld, lagði fram kröfur og bænarskrár til að þrýsta á um að Íslendingar fengju fullvalda alþingi, sérstaka stjórnarskrá og sjálfstjórn til að fara með innri málefni. Með konungstilskipun þann 10. október 1848 var gengið til móts við kröfur Íslendinga. Málefnum landsins var skipað saman í sérstakri deild í Kaupmannahöfn, undir forræði Íslendinga og starfsmenn voru flestir íslenskir. Auk þess fengu Íslendingar fimm fulltrúa í neðri deild danska þingsins og tvo í efri deild. Konungur tilnefndi

Jón sem annan þessara fulltrúa en hann vísaði tilnefningunni á bug og helgaði sig óskiptan þinginu sínu, alþingi, og var óskoraður leiðtogi þess.

Alþingi var enn sem komið var bara ráðgefandi en í Jóni höfðu Íslendingar eignast öflugan talsmann sem háði margar sennur og sigraði í þeim nokkrum. Jón gekk til dæmis ekki að því gruflandi að sjálfstæði í stjórnámálum væri lítils virði nema því fylgdi frelsi í verslunarmálum og 1854 fékk hann því framgengt að verslun var gefin algerlega frjáls, þrátt fyrir andstöðu margra Dana og líka Íslendinga, og nú gat atvinnulífið loksins tekið við sér.



Kristján 9.,
Danakonungur.

Þann 5. janúar 1874 náðist mikilsverður áfangi á leiðinni til sjálfstæðis. Íslendingar fengu loks löggjafarvald í öllum „sérstaklegum málafnum“ sínum, með nýrri stjórnarskrá sem var mun frjálslegri en hin fyrri. Sjálfstætt löggjafarvald var ekki nema byrjun en þjóðinni þótti sem hér hefðu orðið vatnaskil. Fyrsti fundur alþingis hins nýja, fyrsta júlí 1875, var sögulegur viðburður og var efnt til hátíðahalda af því tilefni. Danakonungur sjálfur, Kristján 9., kom í opinbera heimsókn til Íslands. Þetta var í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar sem sitjandi konungur kom til fundar við hana. Loksins stigu Íslendingar inn í nýja tíma, baráttan fyrir nýrri stjórnarskrá var að baki og þeir gátu nú einbeitt sér að því að byggja upp og á fáeinum áratugum tókst þeim að efla svo alla innviði og menntalíf að þess finnst fá dæmi.

Og það var eins og þeir losnuðu úr álögum þegar þeir fengu heimastjórn 1904. Þjóðin tók fagnandi við nútímanum, bjartsýni og framfarir á öllum sviðum einkenndu þjóðlífið.

Fullveldi fengu þeir að lokum á ríkisstjórnarárum Kristjáns 10., með sambandslögunum 30. nóvember 1918, og varð Ísland þá sjálfstætt ríki gagnvart Danmörku. Í lögunum var ákvæði um að Íslendingar gætu í þjóðaratkvæðagreiðslu að 25 árum liðnum sagt sig frá þessum lögum. Þeir urðu að bíða eftir lokum heimsstyrjaldarinnar síðari og frelsun Danmerkur en urðu þá, 17. júní 1944, Lýðveldið Ísland. Jón Sigurðsson hafði ungur stúdent tekið Gaimard með kostum og kynjum og var nú orðinn þjóðhetja sem Íslendingar vottuðu virðingu sína og gerðu fæðingardag hans, 17. júní, að þjóðhátíðardegi sínum.



Lýðveldisskjöldur 17.
júní 1944.

FRAKKAR Á ÍSLANDI

Kapólsku prestarnir



Séra Bernard.

Um miðja 19. öld varð mikil trúboðsvakning innan kapólsku kirkjunnar í Frakklandi og beindi hún brátt sjónum að Norðurlöndum. Sex prestar voru fengnir til forgöngu, þeirra á meðal Bernard nokkur frá borginni Reims, 35 ára að aldri og átti að baki nám í heimspeki auk guðfræði. En fremstur í flokki fór maður að nafni Djunkovsky, sem Íslendingar nefndu Djúnka, og var hann gerður prefekt trúboðsins í Norðurálfu. Í slagtogi við þennan forsvarsmann trúboðsins á norðurslóðum var Ólafur Gunnlaugsson sem hafði snúist til kapólskrar trúar og bjó í París. Þegar ákveðið var að flytja miðstöð trúboðsins til Íslands óskaði Djúnki eftir því að Ólafur yrði túlkur og leiðsögumaður sinn á Íslandi þegar trúboðsstöðinni þar yrði komið á fót sem til stóð að yrði vorið 1856. Að áliti Étienne Djunkovskys var Ísland ákjósanlegt fyrir trúboð á norðurslóðum því þar voru franskir og belgískir sjómenn margir fyrir og þess vegna lag að afla stuðnings og styrkja til trúboðsins hjá útgerðar- og stjórnmalamönnum í heimalandi þeirra. Trúboðarnir ætluðu aðallega að sinna sjómönnum og þjóna þannig frönskum stjórnvöldum þótt þeir nyttu einskis stuðnings frá þeim.

Á Íslandi hafði löggjöf ekki verið breytt, eins og í Danmörku, og þar var ekki leyfð önnur trú en Lútherstrú. Trúboðsstöðin varð því að einbeita sér að erlendum sjómönnum við Ísland. Og þá lá fyrir að setja sig niður þar sem þeir kæmu helst í land, á Austfjörðum eða Vestfjörðum. Trúboðunum var nú ekkert að vanbúnaði og bjuggu sig til fararinnar. En þegar þeir ætluðu að stíga um borð í franska fiskiskútu vísaði skipstjórinn þeim frá svo ekkert varð úr brottför þeirra að sinni. Ári síðar, 1857, komust þeir loks til Fáskrúðsfjarðar, séra Bernard, Ólafur Gunnlaugsson og ungur ítalskur prestur, Odenino að nafni, sem féll allur ketill í eld þegar hann sá staðhætti og sigldi með fyrstu ferð aftur til Ítalíu, og það gerði Ólafur raunar líka og eftir var þá séra Bernard, einn síns liðs. Hann varði tíma sínum mest til að lesa sér til í grasafræði og að læra íslensku en stöku sinnum hlúði hann að frönskum sjómönnum, fór um borð í skúturnar til að syngja yfir þeim sunnudagsmessu eða til að veita þeim hinstu smurningu á banabeði. Næsta vor kom séra Jean-Baptiste Beaudoin frá Dunkerque til liðs við séra Bernard. Hann hafði líka verið í Reims og hlotið vígslu eftir nám í heimspeki, bókmenntum og guðfræði. Trúboðsandinn hafði gagntekið hann þegar hann hitti þá séra Bernard og Ólaf Gunnlaugsson ytra og hann vildi staðfastlega leggja starfinu á Íslandi lið. Hann var yngri en séra Bernard og hressilegur í viðmóti og átti einkar auðvelt með að hlynna að veikum sjómönnum.

Íslendingar voru hins vegar á varðbergi gagnvart prestunum frönsku og tortryggðu þessa „villumenn“. Sá orðrómur breiddist út, og var á rökum reistur, að prestarnir hygðust láta smíða mikið hús í þorpinu. Séra Bernard hafði sótt til sýslumanns um leyfi til að reisa byggingu þar sem hann gæti veitt sjómönnum aðhlynningu á líkama og sál og síðustu sakramenti, líkt og tíðkaðist í kapólskum sið. Hugmynd um læknishjálp eða spítala hafði komið fram í Frakklandi í kringum 1850, eftir nokkur sjóslys í röð og höfðu þá frönsk stjórnvöld snúið sér til ríkisstjórnar Danmerkur með beiðni um að mega byggja tvo spítala á Íslandi, annan í Dýrafirði, hinn í Norðfirði en þeirri málaleitan var hafnað. Árið 1853 var stofnað björgunarfélag í Dunkerque og nokkru eftir það fóru útgerðarmenn og skipstjórar í Dunkerque formlega fram á það við skipstaráðið þar í borg að reistur yrði á Íslandi spítali

fyrir franska sjómenn, eða hjálparstöð til bráðabirgða, en fengu ekki hljómgrunn. Séra Bernard ásetti sér þá að stofna til spítala og skóla um leið. Í Kaupmannahöfn var erindinu vel tekið, einu og hálfu ári síðar, og sumarið 1859 fékk hann byggingarleyfi með því fororði að



Áhafnir franskra skúta í Fáskrúðsfirði. Bústaður lækisins til hægri.

húsið yrði ekki notað til trúboðs af neinu tagi. Bernard hélt til Frakklands til að afla fjár til framkvæmdanna en hafði ekki erindi sem erfði og sneri aftur til Íslands þegar útséð var með að nokkur stuðningur fengist frá frönskum eða belgískum útgerðarmönnum eða franska ríkinu. Frönsku prestarnir stóðu uppi slyppir og ákváðu að

heppilegast væri að verða sér úti um hús í Reykjavík og koma sér fyrir þar enda þótt þeim þætti Vesturland líka býsna álitlegt. Þá var það að útgerðarmaður að nafni Silvain Allenou fékk þeim í hendur hús sem hann hafði látið smíða á Grundarfirði. Grundarfjörður var verslunarstaður þangað sem franskir sjómenn sóttu mikið og þar gátu menn iðkað trú sína óáreittir. Prestarnir fluttust nú báðir til Grundarfjarðar og höfðu þar vetursetu. Í Reykjavík höfðu þeir kynnst konsúli að nafni Randrup sem keypti jörðina Landakot að beiðni prestanna. Séra Bernard stóð við eitt ár í Grundarfirði en Beaudoin tvö ár, einni vertíð lengur. Þegar hann fór var lokið prestþjónustu þeirra í Grundarfirði.

Frönsku spítalarnir

Fiskiskipum við Ísland fjölgaði nú óðum og skipssköðum að sama skapi. Á þessum tíma var ekki til að dreifa neins konar skipulögðum stuðningi við fjölskyldur sem höfðu misst fyrirvinnuna. Mikil umræða hófst um það af hverju öll þessi skip hefðu farist og hölluðust margir að því að um væri að kenna rangri hleðslu salts



Sjóliðar af frönsku herskipi þvo plögginn sín í Laugardal.

í lestum skipanna og það væri háskalegt í veðravítunum við Ísland. Það var um þetta leyti, um miðja 19. öld, sem sú hugmynd skaut upp kollinum að senda spítalaskip til Íslands, til viðbótar skipunum á Íslandsstöð, eða þá að útbúa sjúkraskýli á landi fyrir sjómenn sem veiktust á vertíðinni. Strax árið 1850 höfðu sjóslys og beiðnir um lækniaðstoð á vertíðunum, í vösbúðinni og harðréttinu þar, ýtt við frönskum stjórnvöldum sem brugðust við óskum yfirmanna Íslandsstöðvar flotans og lögðu drög að hjálparstöðvum á þeim stöðum þar sem

fiskiduggurnar komu helst að landi, einhvers konar spítala þar sem veitt yrði fyrsta læknishjálp. Þessi áform komust aldrei til framkvæmda.

Vorið 1894 var stofnað félag í París, Sjóverkafélagið, sem hafði það hlutverk að koma til hjálpar sjómönnum á úthafsveiðum. Félagið átti að styrkja sjómenn, sem dveldust mánuðum saman á Íslandsmiðum, með ýmsu sem þá vanhagaði um, auk þess að veita þeim andlegt og trúarlegt aðhald. Til að geta sinnt þessu ætlunarverki sínu varð félagið að kaupa sérsníðað skip og ráða á það lækni og farprest og þá varð að afla fjár til að standa undir framkvæmd þessa þjóðþrifamáls. Félagið naut mikils velvilja meðal allra stétta og hópa Frakklands strax frá stofndegi og almenningur gaf rausnarlega til þess. Sjóverkafélagið lét ekki sitja við orðin tóm og réðst í tvenns konar framkvæmdir: Það reisti sjómannaheimili og lét smíða spítalaskip. Eitt húsið var reist þegar í stað, árið 1896, á Fáskrúðsfirði. Helsta hlutverk félagsins var samt að halda úti spítalaskipum. Frá 1896, þegar fyrsta skipið lét úr höfn, til 1935 þegar síðasta skipið hélt heim í vertíðarlok, hafði félagið gert út sjö skip mönnuð læknum úr franska flotanum. Og það er einmitt um þessar mundir, eða 1893, sem fyrsta fransk-íslenska samtalsorðabókin birtist, eftir Pál Þorkelsson.



Franskt herskip aðstoðar fiskiskútur á Íslandsmiðum.

Skip franska flotans sigldu mikið um Norður-Atlantshaf og um borð var alltaf skipslæknir til að sinna áhöfninni. Í mörgum skýrslum sést að lækarnir veittu sjómönnum á fiskiskútunum aðhlynningu og þegar skútunum á Íslandsmiðum fjölgaði fengu herskipin þann starfa að fylgjast með áhöfnunum og veita þeim nauðsynlega hjálp. Samt var það ekki fyrr en með lögum 26. apríl 1911 að ríkið sendi skip frá og með apríl ár hvert til aðstoðar frönskum skútum, til að gæta að þeim og veita þeim aðhald.



Spítalaskipið *France* í höfn í Dunkerque.

Árið 1901 var með samþykki franska ríkisins stofnað félag í Dunkerque, „Félag um franska spítala í Reykjavík“, en það tók sér fljótlega heitið „Félag um franska spítala á Íslandi“. Félaginu var sem sé ætlað að reisa franska spítala á íslenskri grund. Árið 1909 var keypt gufuknúið sjúkraskip sem hlaut nafnið *France*. Því var ætlað að sækja sjúklinga um borð í skúturnar og flytja þá á spítalana og til baka aftur og líka átti það að veita fyrstu hjálp. Um borð var læknir frá franska flotanum og sex sjúkrarúm. Ekki liðu nema átta ár frá stofnun félagsins þar til það átti þrjá spítala á Íslandi: Í Reykjavík, á Fáskrúðsfirði og í Vestmannaeyjum. Menntaðar hjúkrunarkonur á stórum sjúkrahúsum í París voru sendar til starfa í spítölunum og þangað voru líka fengnir íslenskir læknar.

Franski spítalinn í Reykjavík var smíðaður 1902. Zimsen, sem var umboðsmaður Frakka, tók að sér rekstur spítalans og naut til þess aðstoðar Jónasar Jónassens lækni og síðar Matthíasar



Franski spítalinn í Reykjavík á okkar dögum.

Einarssonar sem var frönskumælandi og hafði franskar hjúkrunarkonur sér við hlið. Mesti annatíminn var frá 15. apríl til 15. júní. Spítalinn stóð nánast tómur árið 1918 vegna heimsstyrjaldarinnar fyrri og þá tók Reykjavíkurbær við rekstrinum. Bærinn rak spítalann til 1927 í samvinnu við Frakka sem nýttu sér hann meðan á vertíðum stóð. Spítalinn stóð ekki nema 200 metra frá flæðarmálinu og hann var búinn fullkomnum tækjum til skurðaðgerða, bókasafni og leikjasal.

Spítalinn á Fáskrúðsfirði var smíðaður 1904. Sjúkrahúsin í París höfðu árið áður sent tvær hjúkrunarkonur til Íslands, aðra til spítalans á Fáskrúðsfirði, hina til Reykjavíkur. Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði var opinn árið um kring allt þar til fyrri heimsstyrjöld braust út og tók við íslenskum sjúklingum jafnt og öðrum. Í spítalanum voru 17 rúm, þrjár stofur með fimm rúmum hver, einangrunarstofa, skurðstofa, línherbergi, baðherbergi og vistarverur starfsfólks. Mest var að gera í spítalanum í maí þegar sjómennirnir sigldu til lands til að umskipa fiskinum úr fyrri törninni um borð í flutningaskipið sem beið þeirra þar. Síðar dró úr starfseminni jafnframt því sem frönskum sjómönnum fækkaði og loks var spítalinn ekki opinn nema rétt yfir vertíðina. Hann var annars opinn öllum, ekki bara Frökkum, því Georg Georgsson héraðslæknir var jafnframt læknir við spítalann og stýrði honum til 1928.



Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði á okkar dögum.

Franski spítalinn í Vestmannaeyjum var byggður árið 1905 og tók til starfa 1906. Á miðunum suður af landinu og í kringum Vestmannaeyjar birtust duggurnar frá Bretagne á tímabilinu mars og fram í apríl og höfðu lagt upp frá Frakklandi 20. febrúar. Spítalinn var settur undir



Franskir sjúklingar á batavegi við franska spítalann í Vestmannaeyjum. Hér með lækni, franskri hjúkrunarkonu og íslenskri þjónustustúlku.

forsjá Zimsens í Reykjavík og Gísla Johnsens, kaupmanns í Eyjum. Halldór Gunnlaugsson héraðslæknir annaðist lækniþjónustu á spítalanum frá 1907 og mörg ár eftir það. Hann varð umboðsmaður Frakka árið 1910. Hann talaði frönsku og með honum starfaði hjúkrunarkona sem Tarnier sjúkrahúsið í París sendi, Hamon að nafni frá Paimpol og kunni hún dálítið í íslensku. Spítalinn starfaði sex mánuði á ári allt þar til fyrri heimsstyrjöld skall á en ekki með reglulegum hætti á styrjaldarárunum. Enginn annar spítali var í Vestmannaeyjum frá 1906 til 1928.

Spítalarnir, sem Frakkar reistu handa sjómönnum sínum, reyndust íslenskum sjúklingum hið mesta happ því þeir greiddu bara hálfvirði á við Frakka fyrir innlögnina á þessum árum þegar spítalar voru að heita mátti óþekktir á Íslandi.

Úthafsveiðarnar

Úthafsveiðar voru umtalsverð tekjulind í frönsku efnahagslífi strax á stjórnarárum Lúðvíks 14. Það voru sjómenn frá höfnum í Normandí og norðurhéruðunum sem sóttu hvað fastast yfir hafið en síðar meir tóku við sjómenn frá norðurströnd Bretagne, einkum frá Paimpol. Paimpol óx og dafnaði með undraverðum hætti og allt héraðið í kring naut góðs af því en afturkipturinn varð jafnskyndilegur og uppgangurinn. Gullöld þorskveiðanna á Íslandsmiðum stóð 19. öld og fram á fyrstu áratugi þeirrar 20., eða þar til fyrri heimsstyrjöld braust út. Veiðunum lauk rétt áður en síðari heimsstyrjöld skall á því síðasta skútan frá Bretagne lagði úr höfn til Íslands árið 1935.

Upphaf þessara veiða má rekja nokkrar aldir aftur í tímann. Þótt ógerlegt sé að tiltaka eitthvert eitt ár má þó staðhæfa að Frakkar voru farnir að veiða þorsk undan Íslandi í upphafi 17. aldar. Fyrsta örugga vitneskjan varðar útgerðarmann í Dunkerque, Jean de Clerk, sem sendi sjö skip til þorskveiða við Ísland árin 1616 og 1617. Hann gerði líka út skip til hvalveiða við Ísland og Grænland árið 1615. Ekki virðast margir hafa stundað veiðarnar og það komu hlé, skipin voru fá og smá en þeim fjölgaði og þar kom að yfirvöld þóttust þurfa að setja reglur um veiðarnar. Fyrsta reglugerðin um þorskveiðarnar er frá árinu 1764.



Frönsku bæirnir sem sendu flest fiskiskip á Íslandsmið.

Til úthafsveiðanna lágu ýmsar ástæður. Í kristnum sið var fólki boðið að fasta á kjöt allmarga daga á ári og varð það til að auka ásókn í fisk. Þorskur varð sérstaklega eftirsóttur því hann varðveittist vel í saltþækli og var seldur í miklum mæli til landsvæða sem lágu fjarri þorskmíðunum, til dæmis til Mið- og Suður-Frakklands. Mikil velmegun ríkti í útgerðarbæjunum, sem nutu verslunarinnar með fisk, stafaði það líka af atvinnunni sem þar var að hafa fyrir fjölmenna stétt skipasmiða, seglagerðarmanna, eldsmiða... Enginn hörgull var á sjómönnum því karlmenn á þessum slóðum kusu heldur að leita „gullsins í harðdrægu Norður-Atlantshafi“ eins og Kerlevo komst að orði, en að hokra á einhverri hjáleigunni eða lifa við sult á strandveiðum. Það stuðlaði líka að viðgangi fiskveiðanna að á stjórnarárum Lúðvíks 14. voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að vernda útgerð og fiskverkun, sérstaklega styrkur sem var veittur þeim sem gerðu út og enn fremur það að konunglegi franskir sjóherinn sóttist eftir reyndum sjómönnum úr fiskiskipaflotanum.

Fiskveiðarnar við Ísland hófust ekki, að því er menn höfðu að orði á þessum tímum, fyrr en á 18. öld þegar losað var um einokunina sem danski konungurinn hafði komið á á 16. öld og tryggði þegnum hans allan rétt að landsins gögnum og gæðum. Útgerðin stóð með miklum blóma í nyrstu hafnarborgum Frakklands (Gravelines og Dunkerque) en byltingin 1789 og linnulitlar styrjaldir, sem fylgdu í kjölfarið allt til 1815, kipptu fótunum undan greininni. Á



Paimpol á okkar dögum.

Þessum ólgutímum geisaði verðbólga og þorskveiðar hurfu næstum úr sögunni. Árið 1806 sigldu ekki nema tvö frönsk skip til veiða við Ísland.

Árið 1852 gekkst svo Louis Morand, útgerðarmaður í Paimpol, fyrir því að skútan *l'Occasion* sigldi út í óvissuna til Íslands; var skipstjóri hennar frá Dunkerque. Vertíðin var gjöful og næsta ár endurtók Louis Morand leikinn og sendi þrjár skútur til Íslands. Og 1856 fór skriðan af stað. Það sem hafði byrjað smátt óx og margfaldaðist því 1857 voru skipin orðin 36, 56 árið 1869 og loks 80 þegar

Íslandsævintýrið stóð sem hæst árið 1895. Bæjarstjórninni í Paimpol barst árið 1853 erindi frá nokkrum útgerðarmönnum, sem vildu festa í sessi þessa nýbreytni í atvinnulífinu, og fóru fram á að byggðar yrðu geymslur á hafnarbakkanum undir saltið sem skúturnar þurftu að fylla með lestarnar áður en þær héldu til veiða. Útgerðarmennirnir fengu lóð undir salthúsið en byggingarleyfið ekki fyrr en 1860. Þeir fóru líka fram á að höfnin yrði stækkuð því hún var hætt að rúma bátaflotann sem fjölgaði í jafnt og þétt. Morand varð snemma ljóst að Paimpol átti allt undir því að höfnin yrði sem haganlegust og barðist því fyrir hafnarbótum, ásamt fleiri útgerðarmönnum. Atvinnuleysi var óvída meira en á þessum slóðum. Sumar útgerðir sóttu á miðin við Nýfundnaland en þar hafði nú dregið úr veiðunum ár frá ári. Morand tók 24 ára að aldri við útgerð föður síns, sem átti 8 skip, og varð eftir það frumkvöðull að veiðunum við Ísland. Fyrstu árin létu Morand og félagar nægja að senda þangað tvö, þrjú og síðan fjögur skip á ári. 1856 fjölguðu þeir Íslandsförunum snögglega í 14, lögðu allt undir í þessu ævintýri og urðu með því burðarásar í fiskiðnaðinum sem áratugum saman átti eftir að mala útgerðarmönnum gull svo og öðrum þeim í þessum héruðum sem höfðu atvinnu af því að smíða skip, dytta að þeim og búa út fyrir veiðitúrana. Þannig hófst 83 ára blómaskeið sem reis hæst á áratuginum fyrir fyrri heimsstyrjöld en hnignaði síðan smám saman til ársins 1935 þegar *Glycine*, síðasta gólettan frá Paimpol, hélt áleiðis til Íslands. Bretagnebúar færðu óheyrilegar fórnir í mannlífum og skipakosti en því verður ekki neitað að veiðarnar við Ísland öfluðu atvinnu og lífsviðurværis fólkinu á þessum slóðum sem annars hefði lapið dauðann úr skel.

Paimpol var forystuafli í þessari auknu sókn á Íslandsmið en fleiri hafnir létu að sér kveða, hafnir á litlu svæði á norðanverðum Bretagneska. Og í Norður-Frakklandi voru það útgerðir frá höfnum eins og Dunkerque og Gravelines sem létu til sín taka í úthafsveiðunum við Ísland. Árið 1986 var haldið upp á það í Dunkerque að þar höfðu verið smíðuð skip í níu aldir. Í sýningarskrá frá hátíðahöldunum kom fram að 1784 hefðu 85% af tonnatölu fiskiskipanna við Ísland verið frá Dunkerque. Um það leyti



La Glycine lætur úr höfn í Paimpol í síðustu veiðiför til Íslands, 1935.



Frá höfninni í Gravelines.

sem Dýrafjarðarmálið stóð yfir voru skipin frá Dunkerque hvað flest og urðu fleiri en 100 milli 1851 og 1853. Líta verður til þess að allt til 1845 voru skipin frá Gravelines inni í þessum tölum því öll flæmsku skipin voru skráð í Dunkerque. Árið 1862 voru 134 skip í þessum tveimur höfnum. Og það er einmitt þá sem útgerðarmenn í Paimpol fóru að veita þeim samkeppni, með 29 skipum, og fáeinar hafnir aðrar í Bretagne tóku líka þátt í leiknum. Dunkerque, Gravelines og Paimpol voru miðstöðvar Íslandsveiða þegar mest lét. Þegar

skútunum frá Dunkerque fækkaði þá fjölgaði þeim hins vegar frá Gravelines því þar byggðist öll tilveran á þessum fiskveiðum og skipasmíðinni sem þeim fylgdu. Skipum frá flæmska hluta Frakklands fjölgaði ekkert fram á 20. öld en frá Paimpol komu æ fleiri skip, þótt fjöldatölur rokki dálítið til milli ára. Áætlað hefur verið að á hátindi Íslandsveiðanna hafi árlega verið 200 skip og meira en 4.000 franskir sjómenn á miðunum við Ísland. Undanfarin ár hefur áhugi á þessum tímum aukist í Norður-Frakklandi. Um það bera vott stór sýning í Listasafninu í Dunkerque 1987 og ritverkið sem Gravelinesbær gaf út 1988, *Íslandssjóararnir - Af bænabekknum á eyndarstokkinn* og er helgað Íslandssjómönnum frá Gravelines. Skútur frá Normandí, til dæmis Granville, Fécamp og Dieppe, voru líka allmargar á miðunum og töldu sumir Íslendingar til frændsemi við áhafnirnar, í gegnum Göngu-Hrólf og Ragnar loðbrók, og voru þeim vinsamlegir.


Fiskveiðarnar við Ísland voru feikilega ábatasamar þeim héruðum sem áttu svo mikið undir aflabrögðunum og enn á okkar dögum sjást minjar frá þessum tíma. Yfirbragð Paimpol ber enn að mörgu leyti vitni um ríkidæmið sem varð til og skilaði sér í kistur borgarinnar og til héraðanna. Árið 1909 keypti borgin til dæmis bústað útgerðarmannsins Savins og gerði að ráðhúsi sínu. Þá réðst hún í viðamiklar hafnarframkvæmdir og býr enn að þeim með höfn sem nú er feikivinsæl hjá eigendum lystibáta. Úthafsveiðarnar skildu eftir sig fleiri spor sem blasa ekki eins við. Fátækt var viðvarandi á þessum slóðum og lífsafkoman háð tekjum af úthafsveiðunum og viðgangi ýmiss konar tengds iðnaðar og þjónustu. Paimpolborg dafnaði eftir því sem tekjur af fiskveiðunum og auðsæld uxu og borgin komst til efnahagslegra áhrifa langt út fyrir hafnarmörk sín og umfram aðrar hafnarborgir sem gerðu út til Íslands. Fiskveiðarnar við Ísland sáu ekki einungis fjölskyldum sjómanna fyrir framfærslu heldur öllum þeim iðnaðar- og verkamönnum sem störfuðu við tengdar greinar: skipasmíðum, seglagerðarmönnum, reip-slögurum... Veiðarnar skópu þessum stéttum mikla atvinnu. Floti með 40 korvettum veitti 2.000 manns atvinnu árið 1735 en þá bjuggu ekki nema 13 þúsund í Dunkerque.

Þannig byrjar Jean Kerlevo kaflann um skip frá Paimpol sem hurfu í hafi: „Þetta yfirlit leiddi í ljós að hrun blasti við Íslandsveiðunum, sem menn



Franskar duggur á Fáskrúðsfirði.

héldu að væru runnar Paimpol í merg og bein. Hnignunin hófst 1906-7 en það dró hratt af þeim eftir 1915 í ástandi sem spratt upp af stríðinu. Útgerðarmenn vonuðust til að veiðarnar næðu sér aftur á skrið eftir friðarsamningana en batinn milli 1920 og 1926 var blekking. Fiskveiðar við Nýfundnaland lögðust af 1926 og Íslandsveiðarnar liðu undir lok 1935 þegar síðasta Íslandsfarið, *Glycine*, kom heim úr sinni útivist. Með fækkun skipanna fækkaði í mannaflanum: Þúsund Íslandssjómenn voru ekki nema eitt eða tvö hundruð eftir stríð, síðan svo sem fimmtíu 1935.“ Skútunum, sem sigldu til Íslands, fór að fækka strax upp úr aldamótum. Þær voru 174 árið 1905, 139 árið 1910 og voru síðan í kringum 110 þar til



Góletta undir fullum seglum í Paimpolhöfn.

styrjöldin braust út. Milli 1905 og 1914 sýndu náttúruöflin líka tennurnar því á þessu árabili hurfu 32 skip, með manni og mús. Styrjöldin bætti líka ekki úr skák því sjómönnum fækkaði eftir að almennt herútbúð var látið út ganga. Fyrri heimsstyrjöldin gekk nærri Íslandsförum, fá þeirra komust ósködduð út úr hildarleiknum og vegna óðaverðbólgu var ekki hlaupið að því að fylla í skörðin. Það kostaði 70.000 franka að smíða gólettu árið 1913 en eftir stríð kostaði það 220.000 franka. Eftir stríð héldu ekki nema 17 skútur til veiða. Og þeim fjölgaði ekki. Árið 1929 voru

sjómenn á frönskum skipum við Ísland ekki nema 410 að tölu. Það var á þessum árum sem veiðarnar við Ísland hrundu og náðu ekki framar að rétta úr kútnum. Og náðarhöggið greiddu Íslendingar þegar þeir fóru að gæta landhelginnar og vörnuðu erlendum fiskiskipum landtöku svo ekki var lengur hægt að umskipa aflanum um borð í flutningaskip. Með setningu laga 21. apríl 1922 var þannig komið í veg fyrir síðari törnina og að unnt yrði að umskipa aflanum úr fyrri törn, sem var verðmætari fiskur. Farið var fram á sérstaka undanþágu til að mega leggja að landi í tveimur fjörðum en beiðninni var hafnað. Með því var endi bundinn á Íslandsævintýrið. Fleiri ástæður lágu þó að baki hnignuninni. Norðmenn veittu vaxandi samkeppni á fiskmörkuðum, togarar voru komnir til sögunnar, illa gekk að setja vélar í gólettturnar, aflabrestur við Grænland, stórauðið framboð á mörkuðum en eftirspurnin stóð í stað og kostnaður við útgerðina hækkaði úr öllu valdi í stríðinu og eftir það svo það þurfti feiknarlegar fjárfestingar til að senda skip á miðin. Árið 1936 var stofnuð Úthafsveiðinefnd, skipuð fulltrúum útgerðarmanna og sjómanna, og var nefndinni falið að finna úrlausnir en það kom fyrir lítið. Og síðan skall á önnur heimsstyrjöld og menn fengu um nóg annað að hugsa. Það voru endalokin.

Fyrirkomulag veiðanna

Og hvernig fóru þær nú fram, þessar títtnefndu Íslandsveiðar? Skúturnar lögðu af stað á því stórstraumsflóði sem næst var 20. febrúar. Með reglugerð var mælt fyrir um brottfarartímann en 16. janúar 1840 bannaði konungur með tilskipun að skúturnar legðu af stað fyrir 1. apríl. Mörg skip týndust á vertíðinni 1839 og var ástæðan rakin til þess að þau hefðu haldið of snemma til veiða. Fljótlega var rekið upp ramakvein og með nýrri tilskipun 18. október 1863 var sú fyrri numin úr gildi. Mönnum var í sjálfsveld sett hvenær þeir létu úr höfn og útgerðarmenn sömdu um það sín á milli. Það varð nokkur togstreita milli útgerðarmanna í Dunkerque og Paimpol. Sumir sendu skipin af stað í febrúar, aðrir í lok mars. Sunnudaginn næsta á undan brottförinni var haldin hátíð í Paimpol, „Íslandsaflát“ sem allir bæjarbúar sóttu. Helgigangan og blessunarathöfnin voru lögð niður 1904 eftir deilur bæjarstjórnarinnar og klerkdómsins en í staðinn kom „leikmannaaflát“ með skrúðgöngu og almennum dansleik.

Sjómennirnir gengu um borð í skútur sem voru sérstaklega hannaðar fyrir Íslandsmið, svokallaðar gólettur. Paimpolmenn völdu gólettur eftir að hafa skoðað og hafnað mörgum öðrum tegundum skipa. Gólettunum var svo breytt smátt og smátt eftir ábendingum skipstjóranna, til að laga þær betur að tilteknum veiðum og sjólaginu við Ísland.

Skipin sigldu í átt að suðvesturhorni Bretlands, utanvert við Scillyeyjar, andspænis ysta tanga Cornwall, síðan fyrir suðvesturhorn Írlands og þaðan rakiðis til Íslands. Eftir átta til fimmtán daga siglingu höfðu menn landsýn til Íslands. Djörfustu skipstjórnarnir fóru um St.-Georgssund (milli Írlands og Wales) og voru ekki nema fimm til sex daga á leiðinni en sú leið var bæði þokusæl og skerjött og langtum varasamari en hin.

Þegar komið var að Suðurmiðum eða undir suðausturhorn Íslands hófst fyrri törnin og stóð fram í miðjan maí. Sú törn gaf mun meira af sér en hin síðari. Kringum 15. maí sigldi flotinn inn á einhvern flóa eða fjörð, til Reykjavíkur, Dýrafjarðar eða Patreksfjarðar vestanmeginn eða þá Norðfjarðar eða Fáskrúðsfjarðar á Austfjörðum. Þar hittu gólettarnar fyrir flutningaskip sem útgerðarmennirnir sendu norður eftir til að sækja aflann úr fyrri törninni og birgja skúturnar upp af salti, vistum, vatni, nýjum seglum og færa skútukörlunum póst. Þeir fengu þarna átta til tíu daga hlé frá veiðunum og nýttu tímann til að dytta að skútunum, þrifa þær og birgja sig upp, þvo þvotta og skrúbba af sér grómið betur en unnt var úti á rúmsjó. Eftir þennan stutta stans var gólettunum haldið vestur og norður og þá hófst síðari törnin. Á þessum miðum var meira dýpi og skipin fjær landi. Í síðari törninni öfluðust tveir þriðju af heildarveiði ver-tíðanna. Í lok ágúst voru vistir uppurnar og áhafnirnar að þrotum komnar. Þá var siglt til lands og teknar vistir fyrir heimferðina og stefnan síðan sett á Frakkland. Siglingin heim tók mun lengri tíma en ferðin norður hafði gert; mátti gera ráð fyrir hálfum mánuði. Og loks komu þeir í heimahöfn. Næsta dag lögðu gólettarnar af stað frá Paimpol, og hafði þá verið fækkað um fimm eða sex í áhöfninni, og nú var siglt til Bordeaux, Nantes, La Rochelle, Granville eða Fécamp sem voru helstu markaðir fyrir fiskinn. Hans var beðið með óþreyju og fyrstu farmarnir, „nýjasta góðmeti“, seldir dýrum dómum. Skúturnar fylltu nú lestarnar með salti fyrir næstu vertíð og sigldu heim til Paimpol „með fyrstu haustþokum“.



Franskir skútukarlar við Íslandsströnd.

Franskir grafreitir

Þeir skiptu þúsundum, frönsku sjómennirnir sem héldu til Íslands á hverju ári en þeir áttu ekki allir afturkvæmt. Meira en 100 skip frá Paimpol og nálægum bæjum týndust og með þeim



Við útför fransks sjómanns á Íslandi.

2.000 sjómenn á 83 ára tímabili. Tvö þúsund manns, ein áhöfnin á fætur annarri, það slagaði upp í alla íbúa Paimpol. En það voru ekki Bretónar einir sem áttu um sárt að binda, það voru líka bæirnir á Flandri. Fréttablað Gravelinesbæjar, sem í bjuggu 4-8.000 manns á þessum tíma, var fullt af frásögnum af skipssköðum við Ísland. Dunkerque var stærsti bærinn sem gerði út skip til

veiða við Ísland. Fyrsta skipið þaðan fórst 1852, eftir því sem heimildir herma. 191 skip fórst við Ísland, með 1.463 mönnum, að sögn Henris de Rin. Ef við lítum bara á þrjá stærstu útgerðarbæina þá verða þetta samtals 340 skip og 3.800 sjómenn sem hafið tók við Ísland á því tímabili sem fiskveiðarnar voru og hétu.

Þess ber þó að geta að tölurnar eru áætlaðar því það sem segir í skipaskrá er ekki alltaf alveg traust. Vera má að sumir sjómenn hafi verið tvítaldir, annars vegar sem einstaklingar, hins vegar sem skipverjar í áhöfn.

Franska legstaði er að finna í flestum fjörðum á Austur- og Vesturlandi. Kirkjugarðar á þessum stöðum geyma auk þess margir eitt eða tvö leiði franskra sjómanna sem enn sér stað, sérstaklega þar sem Frakkar vöndu komur sínar, eins og til dæmis í Patreksfirði þangað sem gólettur sigldu oft með sjúka og látna. Helsti grafreitur Frakka á Vestfjörðum er á Saltnesi í Haukadal í Dýrafirði. Grafreiturinn var upphaflega stakar dysjar í Haukadal en 1937 var ákveðið að steypa vegg umhverfis nokkra legstaði og gera grafreit sem stæði undir nafni. Grafreiturinn er enn þann dag í dag eins



Franski grafreiturinn á Fáskrúðsfirði.

og lítill minningagarður um þessa frönsku sjómenn. Einn stærsta grafreit franskra sjómanna er að finna í Fáskrúðsfirði þangað sem þeir áttu oft erindi í lok 19. aldar og upp úr aldamótunum 1900 gátu þeir sótt þangað líkamlegan og andlegan stuðning því þar var að finna spítala og sjómannaheimili og kaþólskan prest og þar áttu þeir sér kirkjugarð í dálitlu hlíðardragi. Árið 1903 þótti presti hjá Sjóverkafélaginu ástæða til að slétta í kringum grafreitinn og girða hann af til að verja hann búpeningi. Þar með komst reiturinn í umsjá Sjóverkafélagsins. Eftir tvær heimsstyrjaldir var reiturinn orðinn vanhirtur því franskir sjómenn sáust ekki lengur í


Fáskrúðsfirði. 1959 lét franska sendiráðið jafna svæðið og nöfn, sem enn voru læsileg á máðum trékrossum, voru grafin í fótstall róðukrossins sem þar var reistur til minningar um sjómennina. Þeim var sýndur annar virðingurvottur, 20 árum eftir að síðasta gólettan lét frá landi, þegar vígður var bautasteinn um þá í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík árið 1954.



Charcot, til vinstri, ásamt ónefndum félaga sínum á Suðurskautslandi.

Þeir voru margir, frönsku sjómennirnir sem drukknuðu í hafinu við Ísland og það tók líka nokkra vísindamenn frá Frakklandi, þeirra á meðal Jean-Baptiste-Etienne-Auguste Charcot. Hann sigldi fyrst um hafið í kringum

Ísland 1901-1902. Á stríðsárunum, 1914-1918, var Charcot kvaddur í herinn, í fyrstu til að gegna störfum sem læknir með foringjatign. Milli 1916 og 1918 fól sjóherinn honum að stýra vopnuðu kaupskipi til að herja á kafbáta. Sjóliðarnir klæddust eins og þeir væru áhöfn á venjulegu kaupskipi og sigldu fram og aftur út af ströndum Normandí og Bretagne. Í stríðslok hafði Charcot hlotið heiðursmerki fyrir hugrekki; fyrst veittu bresk stjórnvöld honum stríðskross, síðar gerðu frönsk stjórnvöld slíkt hið sama, og voru afrekin skráð í bækur hersins. Milli 1918 og 1925 hlaut Charcot framgang í sjóhernum og hlaut nafnbótina skipherra á freigátu 1923. Á þessum árum fór hann í ýmsa vísindaleiðangra á skipinu *Pourquoi-Pas?* IV. Aldurinn færðist yfir og 1925 treysti hann sér ekki lengur til að stýra *Pourquoi-Pas?* en sigldi áfram á skipinu, nú sem leiðangursstjóri. Hann sigldi margsinnis upp að ísbreiðum norðurskautsins. 3. ágúst 1936 tók *Pourquoi-Pas?* land á Austur-Grænlandi með birgðir fyrir annan leiðangur Pauls-Émiles Victors, landkönnuðar. Skipið fórst á leiðinni heim, undan Álfstanesi í Borgarfirði, í ofviðri og með bilaða vél eftir ketilsprengingu. Þetta hörmulega sjóslys var á hvers manns vörum á Íslandi og 14. nóvember 1952 var afhjúpaður minnisvarði um Charcot í Reykjavík. Og 15. júlí, á fæðingardegi Charcots sama ár, var sett skilti um hann á vitann í Þormóðsskeri í Borgarfirði. Nafni hans er enn haldið á loft á Íslandi í ljóðum, kvikmyndum og myndýningum.



Pourquoi-Pas? lætur úr höfn í Le Havre.



Pierre Loti.

Við þekkjum vel til sögu franskra Íslandssjómannanna og það eigum við að nokkru að þakka skáldsögu Pierres Lotis, Á Íslandsmiðum. Sagan hlaut mikla hylli strax og hún var gefin út 1886. Hún lýsir vel vosbúð og striti Íslandssjóaranna, þó í dálítið rómantískri birtu. Loti ruddi slóðina öðrum rithöfundum og blaðamönnum og síðar voru tugir bóka skrifaðar um skáldsögu hans og persónurnar sem birtust í henni og áttu sér fyrirmyndir og sóttu innblástur sinn í sjávarplássin Paimpol og Ploubazlanec. Lýsingin á sjómönnum er nákvæm og ekki með neinum ýkjubrag þótt um skáldverk sé að ræða. Loti hafði aldrei komið á Íslandsmið en hann dvaldist í Paimpol og umgekkst Íslandssjóarana sem urðu söguhetjur hans. Saga Lotis hafði tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi kynntust lesendur lífi sjómannanna og í öðru

lagi fór almenningur í framhaldi af því að láta sig kjör þeirra varða. Þegar Loti var tekinn í Frönsku akademíuna hafði Alfred Mézières þessi orð í athöfninni: „Hvers vegna var almenningi ókunnugt um raunir þeirra sem á hverju ári sækja til veiða við Ísland, og hinna sem eftir standa á strönd Bretagne? Enginn hafði enn fært þessar örlagasögur í letur sem ekki máist, enginn hafði skilið eftir í hugskoti okkar þessar ævarandi myndir. Það gerðuð þér fyrstur, sá heiður fellur yður í skaut.“



Ekkjur Íslandssjómannanna við vegg með nöfnum sjómannanna sem drukknðu í hafi.

OPINBER SAMSKIPTI LANDANNA

Árið 1864 birti Jules Verne ævintýrasöguna *Leyndardóma Snæfellsjökuls* um mikla hættuför niður í iður jarðar. Sagan er skáldverk frá upphafi til enda en höfundurinn kemur ýmsum fróðleik á framfæri. Lesandinn kynnist Íslandi lítið eitt, eldfjallinu undir Snæfellsjökli og ennfremur bókmenntalandinu, þar sem Íslendingasögurnar urðu til. Jules Verne tók næstum orðrétt upp frásögnina af komu Jérômes prins til Reykjavíkur og átti auðvelt með að gera sögu sína sannferðuga með því að ljá raunverulegum persónum nafn og útlit þótt hann hefði aldrei til Íslands komið. Ein þeirra persóna, sem koma við



Jules Verne.

sögu, er Friðriksson kennari við Lærða skólann í Reykjavík. Sá maður var raunverulega til og hafði skrifast á við Jules Verne á latínu. Fyrir hans tilstilli varð Verne margs vísari um Ísland, rétt eins og hann hefði sjálfur komið þangað. Halldór Kr. Friðriksson, latínukennari við Lærða skólann, skrifaði og talaði reiprennandi latínu. Hann var náinn vinur Jóns Sigurðssonar og barðist fyrir sjálfstæði Íslands eins og Jón. Hann var þingmaður á Alþingi í 30 ár og konungkjörinn 1865-1867. Jules Verne kallaði hann „merkilegan mann“ og „söguhetju í raun og sann“. Dóttir Halldórs var Þóra Friðriksson, heiðursforseti Alliance française í Reykjavík á 6. áratug síðustu aldar, 85 ára gömul og kenndi þar frönsku og franskar bókmenntir. Hún sat líka í ritstjórn tímaritsins France-Islande. Á þessum árum var farið að þýða franskar bækur á íslensku og bókmenntaleg tengsl tókust með þessum tveimur menningarheimum sem voru ólíkir um margt. Frásagnir af ferðum á norðurslóðum urðu fyrirferðarmiklar í frönskum bókmenntum eftir að ritverk Gaimards var gefið út og síðan eftir útkomu frásagnarinnar af sjóferð *Reine Hortense*.



Halldór Kr. Friðriksson.

Þegar leið að lokum 19. aldar urðu djúpstæðar breytingar á högum beggja þjóða, breytingar sem áttu rót að rekja til tæknilegra framfara, ekki síst í samskiptatækni. Bílaiðnaður óx upp, það hillti undir fluglistina og ritsími og talsími færðu heimsálfurnar hverja nær annarri. Sigling yfir Atlantshaf tók nú ekki nema 5-6 daga og gufuskip komu í stað seglskipa sem nú höfnuðu í söfnum með minjagripi frá liðnum tímum.

Utanríkisþjónustan

Í Reykjavík stendur hvítt hús ekki langt frá flæðarmálinu, hús sem var um tíma í öllum heimsfréttum, þegar Ronald Reagan og Mikhaíl Gorbatsjov áttu þar fund árið 1986. Áður hafði Winston Churchill staldrað við í húsinu, árið 1941, á leið af fundi með Roosevelt Bandaríkjaforseta þar sem þeir ræddu Atlantshafssáttmálann sem varð grundvöllur Sameinuðu þjóðanna. Í Höfða átti sér enn



Höfði, hús fyrsta konsúls Frakka.

stað heimssögulegur viðburður 26. ágúst 1991, þegar barátta Eystrasaltsríkja fyrir sjálfstæði stóð sem hæst. Utanríkisráðherrar Eistlands, Lettlands og Litháens komu saman í Höfða ásamt Jóni Baldvini Hannibalssyni, utanríkisráðherra Íslands, og undirrituðu samninga um skipti á sendiherrum og konsúlum. Með því viðurkenndu Íslendingar fyrstir þjóða sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna.

Ef við skoðum sögu þessa merka húss greinum við í víðara samhengi söguna um fulltrúa franskra stjórnvalda á Íslandi. Húsið væri ekki til nema af því að þegar frönskum sjómönnum fjölgaði við Ísland varð þörf fyrir meiri aðkomu franskra stjórnvalda. Ef umsvif vaxa í efnahagslífi þá er skammt í að fulltrúar hagsmunanna mæti á vettvang. Eins og rakið hefur verið hér að framan þá stóð hagur útgerðarinnar í Paimpol nú með miklum blóma, eftir 20 ára



Höfnin í Dunkerque á okkar dögum.

baráttu. Árið 1859 sigldu þannig 56 skip frá Paimpol, með 1.009 skipverja, áleiðis til Íslands. Skipin urðu ekki fleiri fyrr en 1895 en þá urðu þau 80. Þetta ár sóttu 200 franskar gólettur með 4.000 menn í áhöfnum á Íslandsmið. Þetta voru mikil verðmæti, í fólki og tækjum, og því skiljanlegt að sóst væri eftir því að skipaður yrði franskur konsúll á Íslandi. Frá byrjun Íslandsveiða, á fyrstu áratugum 19. aldar, höfðu útgerðarmenn í Dunkerque sótt fast að fá að koma upp ræðismannsskrifstofu á Íslandi til að halda um hagsmuni sína. Danir svöruðu alltaf neitandi.

Gaimard hafði sjálfur stungið upp á hugsanlegum konsúl í bréfi til utanríkisráðuneytisins þann 17. mars 1836 en erindinu var hafnað. Barlatier de Mas samdi líka skýrslu þar sem hann lagði þunga áherslu á að Frakkar hefðu launaðan fulltrúa með konsúlsumboð í Reykjavík. Flotamálaráðherrann, Hamlin aðmírall, studdi þessa ósk og kom henni áleiðis til Walewskis utanríkisráðherra. Þá tóku við mikil bréfaskipti og var beiðnin síðan send til Dotezacs, sendiherra í Kaupmannahöfn. Napóleon prins samdi líka leynilega skýrslu og sendi stjórn keisarans og fjallaði í henni um stofnun ræðismannsskrifstofu en benti á að þótt raunveruleg þörf væri á fulltrúa Frakka á Íslandi þá vantaði þar allt til alls svo ræðismaður gæti sinnt störfum sínum og lýkur skýrslunni með að segja að hann sæi ekki fyrir sér að franskur ræðismaður gæti rækt skyldur sínar í Reykjavík.

Um síðir var stungið upp á að Randrup, danskur maður sem talaði frönsku, gæti tekið starfið að sér. Það var svo árið 1862 sem flotamálaráðherra og utanríkisráðherra skipuðu hann „konsúlsfulltrúa keisarastjórnarinnar“. Randrup varð því umboðsmaður Frakka í Reykjavík og studdi franska sjómenn með ráðum og dád. Aðrir umboðsmenn tóku svo við af Randrup, allir ólaunaðir eins og hann. Þegar franskir spítalar á landinu voru orðnir þrír og franskir sjómenn þurftu æ meiri hjálp var ekki lengur hægt að reiða sig á ólaunaða umboðsmenn. Þess vegna var árið 1908 ákveðið að senda til landsins fullmektugan konsúl, Jean-Paul Brioullin. Brioullin lét smíða handa sér hús sem þá stóð við fjöruborðið og sneri aðalinngangurinn til hafs. Húsið var vinnustaður Briouillins og þar sýslaði hann með allt sem varðaði skútukarla og togara, herskip og spítalaskip og frönsku spítalana þrjá sem nýbúið var að reisa. Enn sjáum við yfir dyrum hússins, sem síðar var nefnt Höfði, „RF“ fyrir République Française, með tilheyrandi vöndum og jakóbínahúfu. Briouillin sagði af sér konsúlsembættinu 1911 til að helga sig eigin atvinnurekstri. Hann vildi hins vegar ekki víkja úr húsinu svo frönsk

stjórnvöld neyddust til að kaupa annað, á Skálholti 6, fyrir nýjan konsúl, Blanche að nafni. Það hús er enn þann dag í dag embættisbústaður franskra sendiherra. André Courmont var skipaður konsúll árið 1917 og eftir vopnahléið fóru frönsku skúturnar aftur að sjást við Ísland. Courmont var kunnugur Íslandi, franska ríkið hafði sent hann þangað árið 1911 til að kenna við Háskóla Íslands sem var stofnaður sama ár. Hann var fljótur að læra íslensku og nýtti tímann meðan hann kenndi við háskólann til að sökkva sér ofan í íslenskar bókmenntir og sögu. Hann var kvaddur í herþjónustu 1913 og var í stríðinu sendur í fremstu víglínu þar sem hann missti annað augað og aðra höndina. Hann var samt áfram í hernum þar til hann var óvænt, í ársbyrjun 1917, skipaður konsúll á Íslandi og gegndi því embætti til 1923. André Courmont var mikil örvun og lyftistöng í íslensku menningar- og listalífi með persónulegum tengslum og vináttu. Einn af góðvinum Courmonts var Jónas Jónsson frá Hriflu, sem talaði frönsku reiprennandi og hafði verið við nám í Frakklandi og orðið fyrir mjög miklum áhrifum þaðan. Það er ekki hægt að skilja pólitík Jónasar nema hafa frönsk fordæmi í huga, líka um tilhögun áróðurs og málflutning, sem var stundum mjög grófur í Frakklandi á þeim tíma.



Bústaður sendiherra Frakka á Skálholti 6.

Þar kom að sendiráð tók við hlutverki konsúlatsins á Íslandi. Fyrsti sendiherra Frakka á Íslandi var Voillery, sem verið hafði konsúll. Vichystjórnin setti hann af og á stríðsárunum var hann fulltrúi Frjáls Frakklands í Reykjavík en eftir stríðið var hann skipaður sendiherra Frakka í hinu nýstofnaða íslenska lýðveldi. Sama ár var Pétur Benediktsson skipaður fyrsti sendiherra Íslendinga í Frakklandi. Það var því árið 1946 sem Frakkar og nýsjálfstæðir Íslendingar tóku upp stjórn málasamband og skiptust á sendiherrum.

Samskipti í nýjum farvegi



Jóhann Sigurjónsson skáld.

Vináttutengsl Frakka og Íslendinga fengu opinberan stimpil með skiptunum á sendiherrum en það færðist líka kraftur í samskipti þjóðanna á sviði menningar, atvinnulífs og vísinda. Samskiptin eflust jafnt og þétt alla 20. öldina. Menningarsamskiptin hófust reyndar strax á síðari hluta 11. aldar þegar Sæmundur Sigfússon fróði var við nám í París. Fleiri Íslendingar sóttu nám í Frakklandi, eins og Þórður Þorláksson, biskup í Skálholti, á síðari hluta 17. aldar og, eins og að er vikið hér að framan, Guðmundur Sívertsen á 4. áratug 19. aldar. Jón Stefánsson var fyrstur íslenskra málara til að nema í París milli 1908 og 1910 hjá sjálfum Matisse, eins og fleiri norrænir málara. Jóni Sveinssyni, Nonna, og Manna bróður hans var bjargað um borð í franskt herskip eftir eftirminnilega róðrarferð út Eyjafjörð. Nonni hlaut námsstyrk til Frakklands og síðar voru flest rit hans þýdd á frönsku, hið fyrsta 1914, og nutu vinsælda þar eins og annars staðar. Eftir 1920 létu íslenskir lista- og menntamenn að sér kveða í Frakklandi, og þá einkum í París. Galdra-Loftur eftir Jóhann Sigurjónsson var settur upp í Champs-Élysées leikhúsinu í París árið 1920. Alliance française

var sett á fót í Reykjavík árið 1911, fyrir atbeina Þóru Friðriksson, eins og áður er fram komið, og tók til við að kenna Íslendingum frönsku. Árið 1952 veitti íslenska ríkið fyrstu styrkina frönskum stúdentum sem vildu nema tungu, sögu og bókmenntir Íslendinga. Þessir styrkir eru enn veittir. Albert Guðmundsson gat sér mikið og gott orð í Frakklandi fyrir færni í fótbolta um og upp úr 1950 og lék með nokkrum helstu liðum Frakka. Hann varð síðar ráðherra og að lokum sendiherra Íslands í Frakklandi.



Alliance française í
Reykjavík 100 ára.

Á sjöunda áratugnum var listalíf og listsköpun einkar lífleg á Íslandi, ekki síst SUM sem laðaði fjölda erlendra listamanna til landsins. Í ágúst 1964 skutu Frakkar líka upp tveimur Dragon flugskeytum frá Íslandi. Þetta voru fyrstu eldflaugarnar sem skotið var upp utan venjulegra eldflaugaskotsvæða. Geimrannsóknastöð Frakklands (CNES) var rétt tveggja ára gömul þegar hún tókst á hendur þessa þraut til að mæla hvernig elektrónur og prótónur skiptust eftir stefnu og orku á orkulínunum segulsviðs jarðar og hvernig hröðun þeirra væri háttáð í Van Allen beltinu. Til þess varð að skjóta eldflaugum á loft eins nálægt norðursegulskauti jarðar og unnt



Eldflaugaskot pallur Frakka á Íslandi.

var, það var ástæðan fyrir því að Ísland var valið. Í bókinni „Geimur - frá draumi til veruleika“ lýsir Marius Le Fèvre á 20 síðum leiðangrinum á Íslandi 1964. Það var á þessum árum sem Icelandair fékk leyfi til að opna skrifstofu í París. Verk franska höfunda voru æ oftast þýdd á íslensku og leikrit þeirra sýnd í íslenskum leikhúsum, til að mynda verk eftir Molière, Anouilh, Ionesco... Árið 1977 sýndu fimm íslenskir samtímalistamenn verk sín í Pompidou listasafninu í París á opunarhátíðinni.

Á 9. áratugnum jókst áhugi Frakka á Íslandi að miklum mun. Franskir ferðamenn byrjuðu að leggja leið sína til landsins og listahátíðir fóru að bjóða til sín íslenskum tónlistarmönnum og öðrum listamönnum. Listamannagaráðarnir í París opnuðu dyr sínar fyrir Íslendingum. Listsýningar og aðrir menningarlegir viðburðir voru settir upp víða í Frakklandi, sérstaklega í héruðum sem áttu einhverja samleið með Íslandi, til dæmis Bretagne eða Normandí þótt sumir háskólabæir, og má þar nefna Toulouse eða Montpellier, efndu til menningardaga með Ísland í miðpunkti. Þýðendur og blaðamenn í báðum löndum létu hendur standa fram úr ermum, ferðaskrifstofur bættu Íslandi við sem áfangastað og þeir sem semja ferðalýsingar lágu ekki á liði sínu. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn tóku þátt í frægum kvikmyndahátíðum í Frakklandi, eins og í Cannes, í La Baule eða í Norrænu kvikmyndahátíðinni í Rouen og unnu til verðlauna. Stofnuð voru vinafélög, og er þá fyrst að nefna France-Islande sem enn er virkt, samstarfssamningar skóla og nemendaskipti færðust ört í vöxt. Eftir margra ára erfiði komu svo helstu Íslendingasögurnar út árið 1987 í Pléiade bókaflóknum, í þýðingu Régis Boyers. Þá stóð François-Xavier Dillmann einnig að útgáfu á Eddu og Heimskringlu. Hér er líka rétt að nefna vinabæjarsamband Gravelines og Fáskrúðsfjarðar sem var staðfest 1989 og sýnir sterk tengsl milli þessara bæja sem komu svo mjög við sögu úthafsveiðanna. Af augljósum ástæðum yrði það til að æra óstöðugan að telja upp alla þá viðburði sem Íslendingar stóðu að í Frakklandi á síðasta aldarfjórðungi eða Frakkar á Íslandi. Samt er rétt að halda fáeinum til haga.

Menningar- og vísindatengsl þjóðanna efldust 12. apríl 1983 þegar undirritaður var samningur um samstarf þjóðanna á þessum sviðum. Ríkisstjórnir Frakklands og Íslands komu

sér saman um ráðstafanir til að rækta betur samskipti og samvinnu þjóðanna á sviði menntamála, menningar, lista og vísinda og hnýta enn betur vináttuböndin milli ríkjanna. Fyrsta grein samningsins kveður til dæmis á um það að „samningsaðilar skulu vinna náið saman að því að efla skilning hvors um sig á tungu og menningu hins. Þeir eru ennfremur ráðnir í því að hagnýta sér tiltækar leiðir til að stuðla að samvinnu á sviði vísinda,“ og þriðja grein mælir svo fyrir að „hvor samningsaðili um sig skal eftir því sem kostur er stuðla að því að komið verði á fót menningar- og vísindastofnunum í sínu landi til að hvetja til skilnings á tungu, menningu og vísindastarfi hins.“ Þessi samningur er enn í gildi og undir formerkjum hans eru á hverju ári veittir styrkir til vísindamanna og stúdenta í báðum löndum. Samningurinn var undirritaður sama ár og Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands fór í opinbera heimsókn til Frakklands.

Mörg íslensk fyrirtæki komu sér fyrir í Frakklandi á síðasta áratug 20. aldar. Ófáir Íslendingar hafa starfað í landinu árum saman og íslenskir ríkisborgarar í Frakklandi eru um 300, flestir námsmenn. Íslenska hefur verið í sókn og er kennd við 5-6 háskóla og hafa verið gefnar út



Forsetar Frakklands og Íslands við Gullfoss:
François Mitterrand og Vigdís Finnbogadóttir.

kennslubækur í málinu. Franskir bókaútgefendur hafa augastað á ungum íslenskum rithöfundum og íslenskir listamenn hafa náð alþjóðlegri frægð og er boðið til samstarfs við opinberar stofnanir, svo sem Parísaróperunnar. Árið 1990 fór Mitterrand Frakklandsforseti í opinbera heimsókn til Íslands ásamt Jack Lang menningarmálaráðherra. Árangur þeirrar heimsóknar var frönsk-íslensk orðabók og styrkir fengust til þýðinga á bókmenntaverkum, svo sem á ritsafni Rabelais, á *Frú Bovary* eftir Flaubert og *Jakobi forlagasinna* eftir Diderot árið 1996. Þá sæmdi Jack Lang Sigurð Pálsson

riddaraorðu lista og bókmennta. Fransk-íslenska viðskiptaráðið var stofnað þetta sama ár. Það hafði á stefnu sinni að að efla viðskiptatengsl landanna. Árið 1996 kom svo loksins út fransk-íslenska orðabókin og sama ár var stofnað vináttufélag Frakklands og Íslands á franska þinginu, undir forsæti Georges Colombier en frá og með 2012 hefur þingmaður Haute-Savoie, Lionel Tardy skipað forsætið.

Alliance française hefur staðið fyrir franskri kvikmyndahátíð seinnipart janúarmánaðar. Hátíðin hefur vaxið og dafnað með hverju árinu. Undanfarin ár hafa þúsundir gesta sótt hana og hún er nú orðin fastur liður í menningarlífi Reykjavíkur.

Dagana 27. september til 10. október 2004 var efnt til einnar viðamestu menningarkynningar á Íslandi sem fram hafði farið utan Íslands, í París og víðar í Frakklandi, *Islande de glace & de feu - Ísland ís og eldur*. Annars vegar var vísindasýning í vísindasafninu Palais de la Découverte í Grand Palais-höllinni, hins vegar var efnt til viðburða á listasviðinu. Hátíðin vakti mikla athygli í Frakklandi, ekki síst vegna þess að heill ísjaki var fluttur til Parísar af þessu tilefni og honum stillt upp fyrir framan Palais de la Découverte.

Sögusýningin *Heimskautin heilla*, var opnuð í febrúar 2007 í Þekkingarsetri Suðurnesja. Sýningin er um franska heimskautafarann Jean-Baptiste Charcot, einn merkasta landkönnuð

síðustu aldar. Charcot eignaðist fjölmarga vini hér á landi og þegar skip hans Pourquoi pas? fórst í Borgarfirði með allri áhöfn, að einum undanskildum, var meiri sorg á Íslandi en dæmi eru um eftir erlendan mann. Hér er um að ræða glæsilega sýningu um þennan stórmerka heimskaufafara, leiðangursstjóra og lækni sem jafnframt er nokkurs konar holdgervingur langvinnrar og góðrar vináttu milli Íslendinga og Frakka

Frakklandskynningin *Pourquoi pas? – Franskt vor á Íslandi*, var haldin í Reykjavík frá 22. febrúar til 12. maí 2007. Hátíðin var haldin í framhaldi af kynningunni *Ísland ís og eldur* sem nefnd er hér að framan. Þetta var í fyrsta sinn sem Íslendingar buðu erlendri þjóð að kynna menningu sína með jafnviðamiklum hætti og spannaði hátíðin þrjá mánuði með tugum viðburða sem voru skipulagðir í samstarfi við aðrar hátíðir á sama tíma. En það var ekki aðeins menningarlífíð sem fékk athygli þessa mánuði, því sjónum var líka beint að vísindum og viðskiptum.

Öflugt menningarstarf hefur ásamt frönskukennslunni verið annar meginþátta í starfsemi Alliance française allt frá upphafi. Á fyrstu árum félagsins var áhersla lögð á að byggja upp franskt bókasafn og efna til umræðukvölda um bókmenntir og listir. Nemendur eru nú um 300 á öllum aldri, allt frá börnum til „heldri borgara“. Auk þessa hefur Alliance française staðið fyrir fjölmörgum námskeiðum um franska matar- og vínmenningu. Á aldarafmæli Alliance française í Reykjavík stóð félagið fyrir á þriðja tug viðburða í samstarfi við sendiráð Frakklands á Íslandi, auk ýmissa hérlandra menningarstofnana og –hátíða. Aldarafmæli félagsins var því merkur áfangi í sögu menningarsamstarfs og vináttu milli þjóðanna tveggja, Frakka og Íslendinga.

Bókmenntaþýðingar úr frönsku hafa lengi verið mikilvægar í íslensku bókmenntalífi og bein og óbein áhrif þeirra verið mikil á íslenskar bókmenntir. Fyrr á árum náðu franskar bókmenntir einkum til lista- og menntafólks en í seinni tíð hefur áhugi almennings stórkost eins og sést til dæmis á velgengni bóka eins og *Óbærilegur léttleiki tilverunnar* eftir Kundera, *Frönsk svíta* eftir Némirovsky eða *HHhH* eftir Laurent Binet. Þótt enn megi bæta um betur eru merkilega mörg skáldverk nú aðgengileg íslenskum lesendum og þar leggst metnaður útgefenda, áhugi almennings og iðni þýðenda á eitt, en hér eru nokkur dæmi: Jón Óskar (ljóð á 20 öld, Camus), Sigfús Daðason (Saint John Perse), Thor Vilhjálmsson (Malraux), Sigurður Pálsson (Prévert, Binet), Pétur Gunnarsson (Flaubert, Proust, Perec, Levi-Strauss), Friðrik Rafnsson (Verne, Diderot, Kundera Houellebecq), Sölvi Björn Sveinsson (Baudelaire), Guðrún Vilmundardóttir (Nothomb). Meðal þekktra höfunda sem hafa komið til Íslands má nefna Jean-Paul Sartre, Daniele Sallenave, Alain Robbe-Grillet, Milan Kundera, Marie Darrieussecq, Emmanuel Carrere, Éric-Emmanuel Schmidt, Tahar Ben Jelloun og Michel Houellebecq.

Vináttutengsl Frakka og Íslendinga og framtíðin

Haf og menning. Þessi hugtök, og það sem þau tákna, eiga sér djúpan hljómgrunn í hugskoti Frakka jafnt og Íslendinga, og tengja þjóðirnar sérstökum vináttuböndum. Það lýsir sér í samvinnu um brýnustu mál samtímans.

Um þetta má taka dæmi af dagskránni á haustmisseri 2014: Fiskveiðar og útgerð, samanburðarlögfræði, bókmenntir, ferðalög (til Frakklands), jarðhiti, málefni norðurslóða. Og dæmi um þetta eru líka stofnanirnar sem í hlut eiga og þátttakendurnir: Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands tekur á móti Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra



Ólafur Ragnar Grímsson,
forseti Íslands.



Michel Rocard, fyrrverandi
forsætisráðherra Frakklands.

Frakklands, sem situr í forsæti í mikils háttar nefnd á „Arctic Circle“ ráðstefnunni, Viðskiptaráð Parísarborgar tók árið 2013 á móti fransk-íslenska viðskiptaráðinu, sem hafði verið stokkað upp, bestu háskólar og vísindastofnanir (Orsay, Sorbonne, Museum sem eru í hópi fremstu stofnana í sinni röð í heimi, Háskóli Pierre og Marie Curie, Háskóli félagsvísinda, Collège de France...) svo bara nokkrir séu nefndir, hafa tekið upp samstarf við íslenskar stofnanir.

Samkeppni er hörð á alþjóðamörkuðum en innflutningur á frönskum vörum til Íslands jókst um rúm 20% á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 og útflutningur Íslendinga til Frakklands jókst um 25% á sama tíma. Milli janúar og apríl 2014 jókst innflutningur á frönskum bílum til Íslands um 30%. Eftir hrunið varð dálítið hlé en franskir dagar voru aftur haldnir í stórri verslunarmiðstöð í Reykjavík árið 2013 með kynningum á snyrtivörum, fatnaði, matvöru og Frakklandsferðum. Frönskum ferðamönnum fjölga ört á Íslandi en skíðaferðir, vínræktarhéruð, listahátíðir hvers kyns og golfvellir seiða marga Íslendinga til Frakklands. Í haust verður einmitt kynning í Reykjavík á ferðum

í Rónar- og Alpahéruðum Frakklands. Íslendingar kynntu ýmiss konar nýlundu í menningu, ferðamennsku og tækni í París meðan Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra var þar í heimsókn í maí 2014. Á Íslandi eru 29 frönsk fyrirtæki með starfsemi og íslensk fyrirtæki í Frakklandi veita 5.000 manns vinnu, beint og óbeint.

Samband stjórnmálamanna landanna segir líka sína sögu. Það hefur dafnað á öllum sviðum. Auk heimsókna forseta og ráðherra hafa þing landanna skipst reglulega á heimsóknum (sex sinnum alls) og tengsl franskra og íslenskra bæja byggjast ekki eingöngu á því að halda á loft merkjum fyrri tíma. Ungmennir frá vinabæjunum Fáskrúðsfirði og Gravelines, Grundarfirði og Paimpol skiptast á heimsóknum og vinna saman í menningar- og menntamálum. Ísafjörður og Les Sables d'Olonne hafa í hyggju að styrkja tengsl sín og Binic á Bretagne og Patreksfjörður ætla að taka upp samstarf. Frakkar eiga nú þrjá heiðurskonsúla á Íslandi, á Akureyri, Egilsstöðum og frá og með þessu ári á Ísafirði.

Ekkert lát er á samskiptum á menningarsviðinu, og þau eru mjög svo einkennandi fyrir tengsl þjóðanna. 60.000 Íslendingar, næstum einn af hverjum fimm, sáu myndina *Les Intouchables* sem var frumsýnd á Frönsku kvikmyndahátíðinni árið 2012. Á Viku franskrar tungu sem haldin er út um allan heim í mars sameinast franskir og íslenskir tónlistarmenn um að deila með okkur ánægjunni af góðri tónlist í Hörpu eða í Háskóla




Les Intouchables.

Íslands. Vinasveit Frakka og Íslendinga (FIFO) var stofnuð 2013 í Hörpu. Að þessari sveit standa alþjóðleg fílharmónúsveit UNESCO í París og kammermúsíksveitin í Reykjavík og er sveitin síbreytileg. Vinna við íslensk-franska og fransk-íslenska veforðabók, sem legið hafði niðri frá 1995, fékk fjárstyrk frá frönsku öldungadeildinni á þessu ári, 2014, og er aftur kominn af stað. Alliance française á Íslandi er meira en aldar gamalt og meðal nemenda eru nú smábörn jafnt og forsvarsmenn í atvinnulífnum, einkum í stjórnsýslu og ferðaþjónustu.

Samtökin eru að byrja að fjarkenna frönsku við Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Grundarfirði 2014-15 og hafa í hyggju að færa út kvíarnar og bjóða þessa kennslu á fleiri stöðum. Matreiðsla er á mörkum menningar og atvinnulífs og fyrsta keppni matreiðslumeistara, sem elduðu úr frönsku hráefni, var haldin í Reykjavík í maí 2014.

Stjórnvöld hafa sett vísindarannsóknir á norðurheimskautssvæðinu á oddinn og ennfremur jarðhitarannsóknir. Í fleiri greinum standa þjóðirnar í fremstu röð: Eldfjallarannsókn, stærðfræði, bókmenntum, heimspeki, lögum og listum (sérstaklega hönnunargreinum). Jules Verne samstarfsverkefnið veitir á tveggja ára fresti styrki til átta úrvalsannsóknahópa. Samstarfsverkefni Læknadeildar Háskóla Íslands og Curie krabbameinsstofnunarinnar frægu í París lýkur með alþjóðlegri ráðstefnu í Reykjavík árið 2015 með þátttöku rannsóknastofnana í Bandaríkjunum, Bretlandi og Danmörku.

Vináttutengsla Frakklands og Íslands sér hvarvetna stað á Íslandi á okkar dögum. Frönsk og íslensk ungmenni löguðu og endurbættu grafreit franskra sjómanna á Haukanesi við Dýrafjörð og hinum megin á Íslandi, á Austfjörðum, var sett á fót safn um frönsku sjómennina í gamla franska spítalanum á Fáskrúðsfirði sem Minjavernd lét gera upp með sérstökum glæsibrag. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var viðstaddur opunarathöfnina og við sama tilefni var opnuð sýningin *Kerguelen á Íslandi*. Gamli tíminn og sá nýi kallast á, gólettan *La Belle Poule* sigldi umhverfis Ísland árið 2013 og sama ár lagðist *Aquitaine* að hafnarbakkanum í Reykjavík, fyrsta freigátan af nýrri kynslóð skipa.



Við opnun franska spítalans á Fáskrúðsfirði 26. júlí 2014. Frá vinstri: Jean-Yves Chaisemartin, bæjarstjóri í Paimpol, Lionel Tardy, þingmaður í Frakklandi, Marc Bouteiller, sendiherra Frakka á Íslandi, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Þeir halda á ljósmynd af skútunni *La Glycine*, síðustu skútunni sem hingað sigldi. Lengst til hægri sést í franska spítalann.

Heimildir

- Alexander Jóhannesson. Menningarsamband Frakka og Íslendinga. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1944.
- Anna Agnarsdóttir. „The Historiography of the French Revolution in Iceland.“ Útdráttur úr La Storia Della Storiografia Europea Sulla Rivoluzione Francese. Rome : Istituto Storico Italiano per l'età moderna e contemporanea, 1990.
- Avril og Michel Quéméré. Pêcheurs d'Islande. Rennes: Ouest-France, 1984. - Doutreleau Vanessa. Mémoires d'Islande. Langon : Atelier Des Brisants, 2011.
- Elín Pálmadóttir. Les pêcheurs français en Islande: trois siècles de campagnes: mythes et réalités. Reykjavík: Mál og menning, 2005.
- France Diplomatie: Ráðuneyti utanríkismála og alþjóðaðróunar. „Accord de Coopération Culturelle et Scientifique entre le Gouvernement de la République Française et le Gouvernement de la République d'Islande.“ Skoðað 11. júní 2014. <http://www.diplomatie.gouv.fr/traites/affiche traite.do?accord=TRA19830051>.
- France Diplomatie: Ráðuneyti utanríkismála og alþjóðaðróunar. « La France et l'Islande ». Skoðað 9. júlí 2014. <http://www.diplomatie.gouv.fr/fr/dossiers-pays/islande/la-france-et-l-islande>.
- Gaimard, Joseph Paul. Voyage en Islande et au Groënland exécuté pendant les années 1835 et 1836 sur la corvette La Recherche ... dans le but de découvrir les traces de La Lilloise. Paris : Arthus Bertrand Éditeur, 1850. Skoðað 20. maí 2014. <http://books.google.fr>.
- Guðni Jóhannesson. The History of Iceland. Santa Barbara: Greenwood, 2013.
- Iceland : The Official Gateway to Iceland. „Relations historiques franco-islandaises.“ Skoðað 2. júní 2014. <http://www.iceland.is/iceland-abroad/fr/culture/relations-historiques/>.
- Jónsson, Gisèle. Les Relations Franco-Islandaises au Dix-Neuvième Siècle. Tome 1 : L'expédition Gaimard. Le Vigan: Imprimerie Clément, 2012.
- Jónsson, Gisèle. Les Relations Franco-Islandaises au Dix-Neuvième Siècle. Tome 2: L'Expédition du Prince Napoléon le Voyage de la „Reine Hortense“ 1856. Le Vigan: Imprimerie Clément, 2012.
- De Kerguelen de Trémarec, Yves Joseph. Relation d'un voyage dans la Mer du nord, aux cotes d'Islande, du Groenland, de Ferro, de Schettland: des Orcades & de Norwége; fait en 1767 & 1768 par M. Kerguelen de Trémarec, Lieutenant des Vaisseaux du Roi, de l'Académie Royale de Marine, Commandant les Frégates La Folle et l'Hirondelle. Amsterdam et Leipzig: Arkstée & Merkus, 1772. Skoðað 8. apríl 2014. <http://books.google.fr>.
- Marmier, Xavier. Lettres sur l'Islande. Bruxelles: Société Typographique Belge, 1837. Skoðað 20. maí 2014. <http://books.google.fr>.

- Mélis, Jean-Pierre. „La Perte de la Lilloise“, Neptunia 273 (2014): 4-11.
- Pétur Hreinsson. „Fyrsti erlendi vísindaleiðangurinn til Íslands“. Ritgerð til BA-prófs. Háskóli Íslands, 2013.
- Sallé, Michel. L'Islande. París: Karthala, 2013. - Service Historique de la Défense. „Références Historiques de la Présence Militaire Française en Islande“. Skoðað 5. maí 2014. http://www.servicehistorique.sgg.defense.gouv.fr/contenu/functions/dc/attached/FRSHD_PUB_00000250_dc/FRSHD_PUB_00000250_dc_att-FRSHD_PUB_00000250.pdf.
- Sendiráð Frakka í Reykjavík. „Chambre de Commerce Franco-Islandaise “. Skoðað 8. júlí 2014. <http://www.ambafrance-is.org/Chambre-de-Commerce-franco>.
- Sendiráð Frakka í Reykjavík. „L'Alliance Française de Reykjavik à Cent Ans“. Skoðað 9. júlí 2014. <http://www.ambafrance-is.org/L-Alliance-francaise-de-Reykjavik>.
- De Verdun de la Crenne, Jean-René-Antoine. Voyage fait par Ordre du Roi en 1771 et 1772, en Diverses Parties de l'Europe, de l'Afrique et de l'Amérique; Pour Vérifier l'Utilité de Plusieurs Méthodes & Instruments, Servant à Déterminer la Latitude & la Longitude, tant du Vaisseau que des Côtes, Isles & Écueils qu'on reconnoît: Suivi de Recherches pour Rectifier les Cartes Hydrographiques. París: Imprimerie Royale, 1778. Skoðað 12. júní 2014. <http://books.google.fr>.

-